# FRÉTTABLAÐIÐ

159. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 7. JÚLÍ 2016


# Hælisleitendur fái fjárstuðning til að fara burt

**Samkomulag hefur náðst milli stjórnvalda og IOM um að hælisleitendum sem er neitað um vernd hér á landi sé veittur fjárstuðningur til að fara sjálfviljugir heim. Byggir á ákvæði í útlendingalögum.**

**MANNRÉTTINDI** Útlendingastofnun og IOM, Alþjóðafólksflutningastofnunin, undirrituðu í gær samning um að hælisleitendur, sem eiga ekki rétt á vernd hér á landi, geti snúið aftur heim í öruggar aðstæður án aðkomu lögreglu og án aðkomu stjórnvalda og fái jafnvel til þess fjárstuðning.

IOM rekur slík verkefni á Norðurlöndunum, til að mynda í Noregi og víðar. Fjárstuðningur til hælisleitanda í Noregi getur numið allt að hálfri milljón íslenskra króna.

Útlendingastofnun benti á þörfina á fyrirkomulagi sem þessu og Ríkisendurskoðun tók undir mikilvægi þess í skýrslu sinni á síðasta ári að gerður yrði samningur sem tryggi þeim hælisleitendum sem er hafnað um vernd stuðning.

Innanríkisráðuneytið segir aðstoð við sjálfviljuga heimför hugsaða sem mannúðlega aðferð við að snúa hælisleitendum aftur til heimalandsins; þeim sem geta ekki, vilja ekki, eða fá ekki að dvelja í því landi sem þeir eru staddir í og óska þess sjálfir að snúa aftur til heimalandsins. Ráðuneytið leggur áherslu á að fjárstuðningurinn geti skipt máli fyrir fólk sem hafi kost á því að snúa aftur til heimalandsins í hættulaust ástand.

Í nýjum útlendingalögum er heimild til þess að gefa fólki stuðning sem þennan. Í Noregi var markmiðið að aðstoða 2.300 hælisleitendur með þessum hætti – reyndin varð önnur en aðeins 1.100 sóttust eftir stuðningi.

Þessi aðferð IOM krefst samstarfs við hælisleitendur, stofnanir og stjórnvöld bæði í því landi sem tekur upp aðferðina og upprunaland hælisleitanda. IOM hefur aðstoðað rúmlega 40 þúsund umsækjendur á þennan hátt síðustu fimm ár.

> **Innanríkisráðuneytið segir aðstoð við sjálfviljuga heimför hugsaða sem mannúðlega aðferð við að snúa hælisleitendum aftur til heimalandsins; þeim sem geta ekki, vilja ekki, eða fá ekki að dvelja í því landi sem þeir eru staddir í.**

> **500**
> **þúsund íslenskar krónur er hámarksupphæðin sem hælisleitendur í Noregi geta fengið frá hinu opinbera.**

Þeir sem gætu átt rétt á þessari aðstoð IOM eru til dæmis: Hælisleitendur sem er hafnað eða hafa dregið umsókn sína til baka, þolendur mansals og viðkvæmir hópar, fylgdarlaus börn eða fólk með heilsufarsbrest.

Nú er fyrirkomulagið hins vegar þannig að allar ákvarðanir Útlendingastofnunar og úrskurðir kærunefndar útlendingamála, sem fela í sér að útlendingur skuli yfirgefa landið, eru sendar til alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra til framkvæmdar.

Þær upplýsingar fengust úr innanríkisráðuneytinu að verkferlar og fyrirkomulag á þessum málum væru reglulega til skoðunar með umbætur að leiðarljósi, og er samningurinn við IOM dæmi um þá vinnu. – **kbg**



**Það hlýtur að vera krefjandi verk að þrífa glugga á turninum við Höfðatorg, en byggingin er nítján hæðir. Og þá er gott að vera ekki mjög lofthræddur. Þessir vösku menn ákváðu að nýta góða veðrið í gær til verksins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Hljómsveitin hefur áður komið hingað.**

## Gipsy Kings á leið til Íslands

**LÍFIÐ** „Þeir komu til landsins fyrir um tuttugu árum og spiluðu þá á Listahátíð. Tónleikarnir fóru fram í Laugardalshöllinni og þeir stútfylltu hana þá. Sem ekki var á allra færi á þeim tíma. Þeir áttu náttúrulega risastóra smelli á sínum tíma. Voru spilaðir út í eitt í partíum hérna heima,“ útskýrir Þorsteinn Stephensen tónleikahaldari sem stendur fyrir tónleikum Gipsy Kings í Hörpu í lok ágúst. Þrátt fyrir að sveitin hafi margsundrast á ferlinum verður öllu til tjaldað, segir Þorsteinn. – **ga** / sjá síðu 46

## Fréttablaðið í dag


**FRÉTTIR** Nýjar einkareknar heilsugæslustöðvar virðast ekki skila mörgum nýjum læknum á höfuðborgarsvæðið frá öðrum löndum. 6

**SKOÐUN** Eygló Harðardóttir skrifar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks. 18

**SPORT** Þjóðverjar og Frakkar spila í undanúrslitum á EM. 24

**MENNING** Janina Ryszarda Szymklewicz skrifar um Ísland í pólsk ferðatímarit og erlendar bækur. 34

**LÍFIÐ** Júníus Meyvant er ekki auðveldur í hljóðverinu. 44


**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Norðaustlæg átt eða hafgola í dag og víða sólskin, en fer að rigna við norðausturströndina um kvöldið. Svalt úti við norður- og austurströndina, en annars ágætis sumarhiti. SJÁ SÍÐU 32

# Veðurblíðunnar notið á ströndinni



Veðrið hefur leikið við höfuðborgarbúa og nýttu margir tækifærið til að bregða sér í sund eða baða sig á ylströndinni í Nauthólsvík eins og þessir krakkar gerðu. Áfram er spáð hæglætisveðri og léttskýjuðu í dag en á morgun þykknar upp og gert er ráð fyrir að það rigni næstu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Tryggja fólki með fötlun störf

**ATVINNA** Vinnumálastofnun hefur fengið sjö milljóna króna framlag frá velferðarráðuneytinu í verkefni sem hefur þann tilgang að fjölga starfstækifærum fyrir fólk með fötlun og auka fjölbreytni starfstilboða. Féð er veitt á grundvelli framkvæmdaáætlunar í málefnum fatlaðs fólks.

Sérstök áhersla verður lögð á atvinnutækifæri fyrir ungt fatlað fólk sem lokið hefur námi á starfsbrautum framhaldsskólanna eða diplómanámi frá Háskóla Íslands. Stefnt er að því að hlutaðeigandi fái starf og stuðning til að sinna því til lengri tíma.

Skipulag og undirbúningur verkefnisins hefst 1. september en verklok eru áætluð 1. september 2017. Stefnt er að því að í lok tímabilsins hafi orðið til 30 ný störf fyrir fötluð ungmenni. – jhh

## Hætta talin á ruglingi

**FÉLAGSMÁL** Árna Stefáni Árnasyni lögfræðingi hefur verið bannað að nota lénið dyraverndarinn.is. Hann má heldur ekki nota orðmerkið né heldur myndmerkið Dýraverndarinn, samkvæmt úrskurði Neytendastofu.

Dýraverndarsamband Íslands kvartaði til Neytendastofu vegna notkunar Árna Stefáns á umræddu léni og myndmerki. Dýraverndarsambandið krafðist þess að Árna Stefáni yrði bönnuð notkun auðkennanna þar sem hætta væri á að villst yrði á starfsemi hans og starfsemi Dýraverndarsambandsins.

Neytendastofa taldi að þar sem báðir aðilar máls láti sig dýravernd varða og haldi úti vefsvæði sem miði að dýravernd valdi notkun Árna Stefáns ruglingshættu milli aðila, og féllst því á kröfuna. – jhh



**Árni Stefán Árnason, dýraréttarlögfræðingur**

## Vaxandi notkun verkjalyfja

**HEILBRIGÐISMÁL** Verkjalyfjanotkun á Íslandi hefur farið vaxandi í samanburði við aðrar þjóðir. Munar þar mestu um lyf sem innihalda ópíóða. Þeim er ávísað gegn svæsnum verkjum en valda einnig vímuáhrifum.

Á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs varð hátt í 20% aukning í ávísunum á hvern sjúkling á parkódín forte og aðrar gerðir ópíóða hafa einnig sótt á síðustu ár, samkvæmt grein í nýjasta hefti Læknablaðsins. Ef litið er til lengri tíma kemur í ljós að heildarnotkun ópíóða hefur meira en tvöfaldast á 20 árum.

Í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær kom fram að hjá landlæknisembættinu klingi varúðarbjöllur yfir þróuninni, enda hætt við því að þessi lyf séu misnotuð og fíknin er banvæn. – lvp / jhh

# Meiri áhersla verði lögð á blástur í skyndihjálp

**Ásmundur Kristinn Símonarson einkaþjálfari bjargaði lífi manns sem fór í hjartastopp á stigvél. Sjúkrabíll var kominn á staðinn átta mínútum eftir atvikið. Ásmundur segir mikilvægt að leggja meiri áherslu á blástur í skyndihjálp.**

**SAMFÉLAG** „Það kemur mikið áfall á eftir en meðan á þessu stóð útilokaði ég allt nema bara að ná honum til baka,“ segir Ásmundur Kristinn Símonarson einkaþjálfari.

Hann bjargaði lífi manns í World Class á Seltjarnarnesi á dögunum. Maðurinn sem er á miðjum aldri fór í hjartastopp á stigvél í tækjasalnum en Ásmundur hnoðaði og blés í hann lífi þar til sjúkrabíll kom.

„Ég var að þjálfa annan mann og svo sá ég að maðurinn lá þarna á gólfinu og hljóp að honum. Hann var alveg úti og ég byrjaði strax að hnoða og blása. Ég hélt um stund að ég myndi ekki ná honum til baka en hann datt út tvisvar eða þrisvar,“ segir Ásmundur og bætir við að hann hafi kallað í tvo starfsmenn, annan til að hringja í sjúkrabíl og hinn til að ná í stuðtæki. Hann segist vera þakklátur því hve hratt ungir starfsmenn stöðvarinnar hafi brugðist við.

Ásmundur hnoðaði og blés í manninn í fimm mínútur áður en hann fékk stuðtæki í hendurnar. „Mér leið eins og þetta væri klukkutími. Venjulega pumpar einn í sirka mínútu og svo tekur annar við en þarna var ég einn allan tímann og þetta tók mikið á,“ segir Ásmundur en eftir að sjúkraflutningamenn skoðuðu atvikið í myndavélum World Class sögðu þeir honum að hann hefði brugðist við eins vel og hægt var. „Þeir voru virkilega ánægðir með mig.“



**Maður fór í hjartastopp á stigvél í tækjasalnum en Ásmundur hnoðaði og blés í hann lífi þar til sjúkrabíll kom.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Ég var að þjálfa annan mann og svo sá ég að maðurinn lá þarna á gólfinu.
>
> Ásmundur Kristinn Símonarson

Ásmundi, sem hefur lært skyndihjálp, finnst mikilvægt að meiri áhersla sé lögð á blástur en gert er, en hann segir mun meiri áherslu lagða á að kenna hnoð. Í þessu tilfelli hafi það verið blásturinn sem bjargaði manninum. „Ég myndi vilja sjá áherslu á hvort tveggja. Það kom mér á óvart hvað var erfitt að blása líka.“

Eftir björgunina fór Ásmundur í göngutúr en hann segir atvikið hafa haft mikil áhrif á sig þrátt fyrir að það hafi endað vel. „Ég er svo heppinn að það er maður sem vinnur hérna sem hefur líka lent í svona og við ræðum mikið saman sem hjálpar.“ nadine@frettabladid.is



blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

- 30% - 20% - 30% - 40% - 50% - 20% -

# SUMAR ÚTSALAN

% - 40% - 30% - 20% - 30% - 40% - 50% - 20% - 30% - 40% - 50% - 40% - 50%

BRJÁLUÐ TILBOÐ - BRJÁLUÐ TILBOÐ - BRJÁLUÐ TILBOÐ - BRJÁLUÐ TILB

## Allt að 50% afsláttur

- Trjáplöntur og runnar 50% afsláttur
- Sumarblóm 20-40% afsláttur
- Bensín sláttuvélar 20% afsláttur
- Rafmagnssláttuvélar 25% afsláttur
- Garðverkfæri 25% afsláttur
- Hekkklippur 30% afsláttur
- Keðjusagir 30% afsláttur
- Panill og vatnsklæðning 20-30% afsláttur
- Garðleikföng 30% afsláttur
- Álstigar og tröppur 25% afsláttur
- Black & Decker rafmangsverkfæri 30% afsláttur
- Hitachi rafmagnsverkfæri 20% afsláttur
- DeWalt rafmagnsverkfæri 20% afsláttur
- Úðarar og slönguhjól 30% afsláttur
- Handlaugar og blöndunartæki, valdar vörur allt að 40% afsláttur
- Inni- og útimálning 25% afsláttur
- Viðarvörn og pallaolía 20% afsláttur
- Útipottar 30% afsláttur
- Garðstyttur 30% afsláttur
- Garðálfar 30% afsláttur
- Reiðhjól 30% afsláttur
- Garðhúsgögn 25% afsláttur
- Ferðahúsgögn 25% afsláttur
- Innihurðir 20-30% afsláttur
- Útiljós 25% afsláttur
- Búsáhöld Aida og Beka 20-25% afsláttur
- Skjólgirðingar 30% afsláttur
- Heimilistæki valdar vörur á lækkuðu verði.
- Harpa Sjöfn málning (Skútuvogur) 40% afsláttur

... og margt fleira!




% - 40% - 30% - 20% - 30% - 40% - 50% - 20% - 30% - 40%

BRJÁLUÐ TILBOÐ - BRJÁLUÐ TILBOÐ - BRJÁLUÐ TILBOÐ

Byggjum á betra verði

# Pistorius sleppur með sex ár í staðinn fyrir fimmtán

**SUÐUR-AFRÍKA** Oscar Pistorius var í gær dæmdur í sex ára fangelsi fyrir að hafa myrt kærustu sína, Reevu Steenkamp, árið 2013.

Lögmenn hans sögðu hann ekki ætla að áfrýja dómnum heldur afplána refsingu sína.

Dómarinn, Thokozile Masipa, sagði kringumstæður valda því að hann fengi ekki einu sinni þann lágmarksdóm, sem lög kveða á um, sem er fimmtán ára fangelsi.

Pistorius hafi sem sagt ekki vísvitandi ætlað sér að valda kærustu sinni bana, heldur talið að þar væri innbrotsþjófur á ferð. Hann hafi líka sýnt af sér greinilega iðrun.

Á móti vegi að hann hafi greinilega ætlað sér að drepa manneskjuna, sem hann taldi vera innbrotsþjóf.

Í september árið 2014 dæmdi sami dómari Pistorius í fimm ára fangelsi fyrir að hafa orðið Steenkamp að bana.



Oscar Pistorius í réttarsal í gær. NORDICPHOTOS/AFP

> Almannarómur getur verið hávær og þrálátur, en hann getur ekki átt neinn hlut að ákvörðun þessa dómstóls.
>
> Thokozile Masipa, dómari

Hæstiréttur ógilti þennan dóm í desember síðastliðnum og sagði Pistorius sekan um morð, þar sem hann hefði átt að hafa gert sér fulla grein fyrir því að hann væri að verða manni að bana.

Masipa fékk málið aftur til meðferðar og sagðist sannfærð um að Pistorius væri ekki ofbeldismaður. Sér bæri skylda til að leiðrétta þann þráláta misskilning að Pistorius hefði vísvitandi ætlað að drepa kærustu sína: „Almannarómur getur verið hávær og þrálátur, en hann getur ekki átt neinn hlut að ákvörðun þessa dómstóls.“ – gb

## Dreifði mynd af nakinni stúlku

**DÓMSMÁL** Karlmaður var í gær dæmdur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness fyrir að hafa dreift nektarmynd af fjórán ára stúlku og fyrir að hafa viðhaft kynferðislegt tal við hana á samskiptamiðlinum Skype. Þá reyndi hann að falast eftir því að hitta hana í kynferðislegum tilgangi.

Brotin áttu sér stað árið 2014 en maðurinn játaði brot sín skýlaust fyrir dómi. Fram kemur í dómi héraðsdóms að hann iðrist mjög gjörða sinna og féllst hann á að greiða einkaréttarkröfu í málinu að fullu sem hljóðaði upp á eina milljón króna. Hann var ekki með verjanda í málinu. – ngy



Mennirnir eru bræður en annar þeirra játaði brot sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Dæmdir vegna bruna í mars

**DÓMSMÁL** Tveir menn voru í gær sakfelldir í Héraðsdómi Reykjavíkur vegna bruna í iðnaðarhúsi á Grettisgötu í mars síðastliðnum.

Mennirnir eru bræður en annar þeirra játaði brot sitt. Sá var metinn ósakhæfur og var því sýknaður af kröfu ákæruvaldsins um refsingu.

Hinn maðurinn var sakfelldur fyrir að láta hjá líðast að gera það sem í hans valdi stóð til þess að vara við eða afstýra eldsvoða og því eignatjóni sem af hlaust.

Mikill eldur kom upp í húsinu á Grettisgötu 87 og gjöreyðilagðist það í eldinum. Í húsinu var líkamsræktarstöð, vinnustofa, tvö bifreiðaverkstæði og íbúð listmálara. – ngy

# Segir stjórnvöld hafa grafið undan innlendri framleiðslu

**Framkvæmdastjóri ullarvinnslufyrirtækisins Varma rekur lokun verksmiðju á Akureyri til sinnuleysis stjórnvalda. Engar kvaðir séu hér á landi um uppruna- eða innihaldsmerkingar á innfluttum ullar- og skinnavörum. Innlendir framleiðendur geti ekki keppt við erlenda framleiðslu sem líki eftir þeirri íslensku.**

**IÐNAÐUR** „Stjórnvöld hafa brugðist hlutverki sínu og með því grafið undan innlendri framleiðslu,“ segir Páll Kr. Pálsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins Varma, sem framleiðir ullar- og skinnavörur.

Fyrirtækið rekur verksmiðjur í Reykjavík og á Akureyri en þarf nú að hætta rekstri á Akureyri.

Páll segir stjórnvöld ekki hafa sinnt reglugerðum í iðnaðinum, innfluttar ullar- og skinnavörur séu án upprunamerkinga og kaupandinn sjái engan mun á íslenskri vöru og innfluttri erlendri vöru.

Páli finnst að merkingar nokkurra samkeppnisaðila hans gangi út á að láta neytendur trúa því að um íslenska framleiðslu og hráefni sé að ræða.

Fyrirspurn Fréttablaðsins til Ólafar Nordal innanríkisráðherra og Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, atvinnu- og iðnaðarráðherra, leiddi í ljós að starfshópur sem var skipaður í innanríkisráðuneytinu í október síðastliðnum og átti að vinna í tengslum við upprunamerkingar á neytendavörum, skilaði aðeins niðurstöðu sem tók til notkunar íslenska þjóðfánans við markaðssetningu á vöru og þjónustu.

„Þegar vinna starfshópsins var komin nokkuð á veg kom í ljós að fyrir þinginu lá frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 34/1944, með síðari breytingum. Frumvarpið fjallaði um notkun íslenska þjóðfánans við markaðssetningu á vöru og þjónustu. Samtök iðnaðarins gerðu breytingartillögur við frumvarpið sem byggðu að miklu leyti á þeim hugmyndum sem fram höfðu komið í vinnu starfshópsins. Úr varð að lögum nr. 34/1944 var breytt með lögum nr. 28/2016,“ segir í svari frá innanríkisráðuneytinu.




Páll Kr. Pálsson framkvæmdastjóri, hér í verksmiðju Varma í Reykjavík, segir ekkert gagn að breytingum sem gerðar hafi verið á lögum um notkun þjóðfánans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Páll segir starfshópinn ekki hafa gert það sem hann var skipaður til. „Þessi lög breyta í engu því að fyrirtæki þurfa eftir sem áður ekki að innihalds- eða upprunamerkja innfluttar ullar- og skinnavörur, nema þau noti íslenska þjóðfánann í merkingum sínum. Það er ekkert gagn að þessari lagasetningu,“ ítrekar Páll.

Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra tekur undir með Páli. „Upprunamerkingar varða neytendavernd og neytendur eiga rétt á að vera upplýstir um vöruna, hvar hún er framleidd og um uppruna hráefnisins. Með réttum merkingum bætum við einnig samkeppnisstöðu íslensks iðnaðar,“ segir Ragnheiður. „Það er sjálfsagt að neytandinn geti séð á umbúðunum hvaða vörur eru framleiddar hér úr íslensku hráefni og hvaða vörur eru framleiddar annars staðar úr sama hráefni, t.d. í Asíu,“ segir hún.

Neytendamál heyra undir innanríkisráðuneyti og Ragnheiður vísar í starfandi vinnuhóp. „Mitt ráðuneyti átti fulltrúa í þeim vinnuhópi. Hópurinn gerði hlé á störfum sínum þegar fánalagafrumvarpið svokallaða var til meðferðar í þinginu og voru menn að freista þess þar að ná heildstætt utan um þessi mál.

Það er hins vegar ljóst miðað við framkomnar athugasemdir að svo varð ekki,“ segir Ragnheiður Elín um lyktir mála og segir tilefni til að skoða málin þegar þing kemur saman í haust.

kristjanabjorg@frettabladid.is

AFMÆLISTILBOÐ 50 ára

LANDMANN gasgrill 4ra brennara

www.grillbudin.is



POWER THERMAL SPREADING SYSTEM PTS

VERÐ ÁÐUR 124.900
AFMÆLISTILBOÐ
99.900

• Afl 14,8 KW
• 4 brennarar úr ryðfríu stáli
• Postulínsemalerað eldhólf
• Grillgrindur úr pottjárni
• PTS hitajöfnunarkerfi
• Kveikjing í öllum tökkum
• Gashella í hliðarborði
• Tvöfalt einangrað lok
• Postulínsemaleruð efri grind
• Hitamælir
• Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu
• Einnig til svart

Nr. 12961

LANDMANN 50 ÁRA

Grillbúðin

Smiðjuvegi 2, Kópavogi - (við hliðina á Bónus) - Sími 554 0400

## Borgin bregst við fleiri ferðamönnum

**REYKJAVÍK** Stýrihópur um framtíðarfyrirkomulag í málefnum miðborgarinnar hefur sent frá sér tillögur sem lesa má um á heimasíðu borgarinnar.

Tillögurnar eru gerðar til að bregðast við breytingum á miðborginni í þeim mikla uppgangi og uppbyggingu sem þar hefur verið síðustu misseri og ekki virðist lát á.

Þar sem aukning ferðaþjónustu hefur orðið mun meiri en gert var ráð fyrir í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er nú unnið að breytingartillögum á miðborgarkafla aðalskipulagsins.

Einnig er stefnt að gerð hverfisskipulags í miðborginni og þá er talið mikilvægt að fjölga tekjustofnum borgarinnar vegna aukins ferðamannastraums, til dæmis með gistináttagjaldi.

Borgarar eru hvattir til að kynna sér drög skýrslu stýrihópsins og senda inn ábendingar og athugasemdir fyrir 10. ágúst. – ebg



Verið er að bregðast við fjölda ferðamanna í miðborginni og uppbyggingu tengdri ferðamennsku með nýju framtíðarfyrirkomulagi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# SUMAR-ÚTSALA




## Í FULLUM GANGI!

| | |
|---|---|
| 30% | BLÓM, TRÉ OG RUNNAR |
| 40% | BLÓMAPOTTAR |
| 30% | TIMBURBLÓMAKASSAR |
| 40% | LEIKFÖNG |
| 50% | MARKÍSUR |
| 30% | GARÐHÚSGÖGN |
| 30% | GREINAKURLARAR |
| 30% | REIÐHJÓL |
| 40% | REIÐHJÓLAFYLGIHLUTIR |
| 20% | ÁBURÐUR |
| 20% | BOSCH RAFMAGNSVERKFÆRI |
| 20% | HÁÞRÝSTIDÆLUR |
| 20% | ÁLTRÖPPUR OG STIGAR |
| 25% | JÁRNHILLUR |
| 25% | VINNUFATNAÐUR OG ÖRYGGISSKÓR |
| 25% | VIÐARVÖRN OG PALLAOLÍA |
| 30% | INNI- OG ÚTILJÓS |
| 20% | BENSÍNSLÁTTUVÉLAR |
| 25% | RAFMAGNSSLÁTTUVÉLAR |
| 30% | HEKKKLIPPUR |
| 30% | KEÐJUSAGIR |
| 25-35% | BENSÍNSLÁTTUORF |
| 30% | STAURAHATTAR |

**ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR**



**-50%**

**MARKÍSA**
2,5x2 m dökkgrá.
**14.998 kr.**
41624126
Almennt verð: 29.995 kr.




**-25%**

**PALLAOLÍA**
Herregård XO, 3 l.
**1.871 kr.**
80602501-2
Almennt verð: 2.495 kr.



**-35%**

**BENSÍNSLÁTTUORF**
BC139, fjórgengismótor
**19.497 kr.**
53323120
Almennt verð: 29.995 kr.

## Minni notkun á plastpokum

**UMHVERFI** Stefnt er að því að draga úr notkun burðarplastpoka á Íslandi. Markmiðið er að hver einstaklingur noti aðeins 40 slíka poka árið 2025. Þetta eru tillögur starfshóps fulltrúa Umhverfisstofnunar, Samtaka verslunar og þjónustu, Samtaka iðnaðar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Starfshópurinn leggur til að farið verði eftir breytingum sem gerðar verða á EES-samningnum um burðarplastpokanotkun.

Talið er að hver Íslendingur noti um 105 burðarplastpoka á ári en það eru um átta pokar á viku fyrir fjögurra manna fjölskyldu, að því er segir á vef Umhverfisstofnunar. **– ibs**

## Vill Svía í Nató í kjölfar Brexit

**SVÍÞJÓÐ** Eftir Brexit, úrsögn Breta úr Evrópusambandinu, er enn mikilvægara fyrir Svía að gerast aðilar að Atlantshafsbandalaginu, Nató. Þetta er mat Jans Björklund, formanns Frjálslynda flokksins í Svíþjóð.

Hann vísar á bug gagnrýni þeirra sem segja að sameiginleg aðild Svía og Finna að Nató muni auka spennuna á Eystrasaltssvæðinu. Björklund segir rök gagnrýnenda hlægileg. Það séu Rússar sem auki spennuna en ekki Svíar.

Björklund segir hlutverk Nató í sameiginlegum öryggismálum Vesturlanda verða enn stærra þegar Evrópusambandið veikist. **– ibs**

## Útför í Bagdad



**Syrgjendur fylgja ástvini sínum til grafar og ganga fram hjá árásarstaðnum í verslunarhverfi í Bagdad, höfuðborg Íraks, þar sem sjálfsvígsárásarmenn urðu að minnsta kosti tvö hundruð og fimmtíu manns að bana um helgina.** NORDICPHOTOS/AFP



**Bannað er að skilja hunda eftir í bíl samkvæmt nýrri reglugerð sem fylgir dýraverndarlögunum að sögn dýralæknis.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Veikur eftir að hafa verið látinn bíða inni í bíl

**SAMFÉLAG** „Í flestum tilfellum þegar harmleikur verður á Íslandi er um að ræða hundaeigendur sem misreikna sig,“ segir Hallgerður Hauksdóttir, formaður Dýraverndarsambands Íslands.

Mikil umræða hefur skapast á Facebook-síðunni Hundasamfélagið um það að hundaeigendur hér á landi eigi það til að skilja hunda eftir inni í bíl í miklum hita þessa dagana.

Hallgerður ítrekar mikilvægi þess að fólk skilji hunda ekki eftir í bíl án þess að skilja eftir opnar rúður þannig að það sé gegnumstreymi og að bílnum sé lagt í skugga. Nýlega hafi hundur fundist mjög illa haldinn eftir að hafa verið skilinn eftir í bíl en eigendurnir höfðu verið lengur frá bílnum en ætlunin var upphaflega.

„Sá hundur kom til en hann varð mjög veikur,“ segir Hallgerður og bætir við að bílar hitni mjög hratt og að fólk geti ekki reiknað út hversu lengi það sé í lagi að skilja hunda eftir miðað við hitastig.

„Ef hundar eru lokaðir í bíl í einhvern tíma eru góðar líkur á því að það valdi því að dýrinu líði mjög illa eða jafnvel deyr dýrið. Það á að skilja hundinn eftir heima ef það á að fara þangað sem hundar mega ekki koma og ef stoppa á lengur en 10 mínútur eða svo. Bílar eru engir geymslustaðir fyrir hunda.“

Katrín Harðardóttir dýralæknir segir hættulegt að skilja hunda eftir inni í bíl. „Sérstaklega flatnefja hunda. Ég veit sjálf um einn bulldog og einn boxer sem dóu inni í bíl á Íslandi fyrir nokkrum árum,“ segir Kristín og bætir við að séu hundar í heitum bíl geti þeir þornað upp, fengið hitasjokk og svo hjartastopp í kjölfarið. Að sögn Katrínar er bannað að skilja hunda eftir í bíl samkvæmt nýrri reglugerð sem fylgir dýraverndarlögunum. **– ngy**

# Læknar úr opinberum störfum á einkastöðvar

**Nýjar einkareknar heilsugæslustöðvar virðast ekki skila mörgum nýjum læknum á höfuðborgarsvæðið frá öðrum löndum. Læknar sem starfa hér fyrir virðast hins vegar vera að færa sig af opinberum stöðvum yfir á einkareknar.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Læknar hafa áhyggjur af því að nýjar einkareknar heilsugæslustöðvar verði ekki til þess að heimilislæknum fjölgi á höfuðborgarsvæðinu heldur flytji heimilislæknar sig úr opinbera geiranum yfir í einkageirann.

„Við viljum auðvitað fjölga læknunum en ekki bara brjóta þá upp og láta þá fara í eitthvert annað hús,“ segir Óskar Sesar Reykdalsson, settur framkvæmdastjóri lækninga á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Í Fréttablaðinu í gær var greint frá því að Ríkiskaup hygðust ganga til samninga um tvær nýjar einkareknar heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu, aðra við Bíldshöfða í Reykjavík og hina við Urriðahvarf í Kópavogi. Aðeins þrjú tilboð bárust í þær þrjár heilsugæslustöðvar sem auglýst var eftir og var einu tilboðinu hafnað.

Í stjórn Heilsugæslunnar Höfða, sem stofnuð var um heilsugæslustöð á Bíldshöfða, eru fimm læknar sem allir koma úr heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Gunnlaugur Sigurjónsson, stjórnarformaður félagsins, sem sjálfur starfar sem heimilislæknir í heilsugæslustöðinni í Árbæ, sagði við Fréttablaðið í gær að alls yrðu læknarnir á nýju stöðinni tíu. Einhverjir þeirra kæmu úr námi eða störfum að utan.

Hin heilsugæslustöðin sem Ríkiskaup féllust á að leita samninga við er á vegum aðila sem tengjast Heilsuvernd sem er fyrir með ýmiss konar læknisþjónustu í Glæsibæ.

Þá segir Óskar að tryggja þurfi að nægt fjármagn fylgi breytingunum en samhliða nýjum stöðvum á að taka upp nýtt greiðslukerfi til heilsugæslustöðva um næstu áramót. „Flestir sem ég hef heyrt í hafa verið á því að fjármagnið sé af skornum skammti og það sé ein af ástæðunum fyrir því að ekki hafi verið slegist um þetta rekstrarmódel,“ segir hann.

Óskar segir flesta heimilislækna mjög jákvæða fyrir því að gera breytingar á greiðslufyrirkomulaginu og fyrir fjölgun heimilislækna en til að það megi vera sé ljóst að ríkið þurfi að setja meira fé í rekstur heilsugæslunnar.

„Þetta leiðir vonandi til meira framboðs á læknum, ekki bara til þess að læknar taki sig upp af öðrum stöðvum og flytji sig á nýju stöðvarnar heldur að það komi nýir læknar til starfa sem ekki hafa starfað í þessu kerfi,“ segir Þorbjörn Jónsson, formaður Læknafélags Íslands, um breytingarnar á greiðslukerfinu og nýju stöðvarnar. **ingvar@frettabladid.is**



**Áhyggjur eru af því að með einkareknum stöðvum fjölgi ekki heilsugæslulæknum heldur flytji þeir sig úr opinbera geiranum í einkageirann.** NORDICPHOTOS/GETTY

**Þetta leiðir vonandi til meira framboðs á læknum, ekki bara til þess að læknar taki sig upp af öðrum stöðvum og flytji sig á nýju stöðvarnar heldur að það komi nýir læknar til starfa sem ekki hafa starfað í þessu kerfi.**



Þorbjörn Jónsson, formaður Læknafélags Íslands

# VIÐ BREYTUM HOLTAGÖRÐUM Í HAGKAUPSOUTLET!

# RÝMINGAR SALA

## ÞAÐ ER 25% AFSLÁTTUR AF ALLRI MATVÖRU

## AÐEINS Í HOLTAGÖRÐUM 7.-10. JÚLÍ

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## Viðvaranir voru hunsaðar

Chilcot lávarður lýsti markmiðum og helstu niðurstöðum rannsóknarinnar í nokkrum orðum, þegar hann kynnti skýrsluna í gærmorgun:

„Árið 2003 tók Bretland, í fyrsta skipti frá því í seinni heimsstyrjöldinni, þátt í innrás og allsherjar hernámi fullvalda ríkis. Það var háalvarleg ákvörðun. Saddam Hussein var tvímælalaust hrottafenginn einræðisherra sem réðst á nágrannaríki Íraks, kúgaði og drap marga af íbúum eigin lands, og braut gegn skuldbindingum gagnvart öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

En spurningarnar, sem þessi rannsókn átti að svara, voru hvort það hafi verið rétt og nauðsynlegt að ráðast inn í Írak í mars árið 2003 og hvort Bretland hefði getað og átt að vera betur búið undir það sem í hönd fór.



**Chilcot lávarður kynnir niðurstöður sjö ára rannsóknar á tildrögum, undirbúningi og framkvæmd Íraksstríðsins.** NORDICPHOTOS/AFP

Við höfum komist að þeirri niðurstöðu að Bretland hafi kosið að ganga til liðs við innrásina í Írak áður en fullreynt var með friðsamlegar leiðir til afvopnunar. Á þeim tíma voru hernaðaraðgerðir ekki síðasta úrræðið.

Við höfum einnig komist að þeirri niðurstöðu að mat á alvarleika þeirrar hættu sem stafaði af gjöreyðingarvopnum Íraka hafi verið kynnt af sannfæringu sem ekki átti við rök að styðjast. Þrátt fyrir skýrar viðvaranir voru afleiðingar innrásarinnar vanmetnar. Öll skipulagning og undirbúningur fyrir það sem við tæki í Írak eftir að Saddam Hussein færi frá voru algerlega ófullnægjandi. Stjórninni tókst ekki að ná fram yfirlýstum markmiðum sínum.“



**Styttan af Saddam Hussein í Bagdad áður en henni var steypt af stalli fáum vikum eftir að innrásin hófst.** NORDICPHOTOS/AFP

# Íraksstríðið vanhugsað hernaðarbrölt

**Sjö ára rannsókn Chilcots lávarðar leiðir í ljós að Bretar héldu árið 2003 að vanhugsuðu máli og að óþörfu út í stríð í Írak með Bandaríkjamönnum. Tony Blair biðst afsökunar á afdrifaríkum og sársaukafullum mistökum, en segir allt hafa verið gert í góðri trú.**

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



**BRETLAND** John Chilcot lávarður, formaður rannsóknarnefndar sem í sjö ár hefur skoðað aðdraganda, undirbúning og framkvæmd aðildar Bretlands að innrásinni í Írak í mars 2003, er harðorður í garð þáverandi stjórnvalda.

Tony Blair, þáverandi forsætisráðherra Bretlands, hafi ákveðið að taka þátt í innrásinni með Bandaríkjunum án fullnægjandi undirbúnings, án þess að hafa hlustað á varnaðarorð og án þess að gera sér grein fyrir afleiðingunum.

„Þegar möguleikinn á hernaðaraðgerðum kemur til sögunnar, þá eiga stjórnvöld ekki að skuldbinda sig til þess að ná fram ákveðnum pólitískum markmiðum fyrr en ljóst er orðið að hægt verði að ná þeim,“ sagði Chilcot í gær, þegar hann kynnti niðurstöður rannsóknarinnar. „Það er grundvallaratriði að reglulega sé allt endurmetið.“

Chilcot sagði að við upphaf innrásarinnar hefðu bresk stjórnvöld búist við því að hernaðaraðgerðirnar yrðu vel útfærðar undir forystu Bandaríkjanna og með heimild frá Sameinuðu þjóðunum, og að aðstæður yrðu ekki mjög hættulegar. Raunin hafi orðið allt önnur.

Þegar rannsóknarnefndin yfirheyrði Tony Blair hafi hann sagt að fyrirfram hefði engan veginn verið hægt að gera sér grein fyrir þeim erfiðleikum, sem innrásarliðið lenti í eftir að til Íraks var komið. Chilcot segir að Blair hafi þarna rangt fyrir sér: „Fyrir innrásina var greinilega búið að benda á hættuna á innanlandsátökum í Írak, á tilraunum Írana til að ná fram hagsmunum sínum, á óstöðugleika í þessum heimshluta og á aðgerðum al-Kaída í Írak.“



**Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, og George W. Bush Bandaríkjaforseti hittust stuttu fyrir innrásina í Írak til að ræða undirbúninginn.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




**Skýrsla Chilcot-nefndarinnar í tólf bindum með 2,6 milljón orðum.** NORDICPHOTOS/AFP

## Raunveruleikinn kom á óvart

Tony Blair sendi í gærmorgun frá sér yfirlýsingu, þar sem hann bregst við skýrslunni með því að segja hana staðfesta að engum blekkingum hafi verið beitt:

„Skýrslan ætti að þagga niður í ásökunum um óheilindi, lygar eða blekkingar. Hvort sem fólk er sammála eða ósammála ákvörðun minni um að grípa til hernaðar gegn Saddam Hussein, þá tók ég hana í góðri trú og með hagsmuni þjóðarinnar í huga að því er ég taldi þá.“

Hann ávarpaði síðan fjölmiðla og sagði þá meðal annars:

„Ákvörðunin um að fara í stríð í Írak og koma Saddam Hussein frá völdum í bandalagi með meira en 40 löndum undir forystu Bandaríkjanna var erfiðasta, afdrifaríkasta og sársaukafyllsta ákvörðun sem ég tók á þeim tíu árum sem ég var forsætisráðherra Bretlands. Ég ber fulla ábyrgð á þeirri ákvörðun, án undanbragða og afsakana,“ sagði Blair. Síðan viðurkenndi hann að raunveruleikinn sem mætti breskum hermönnum í Írak hafi verið allt annar en stjórnin hefði búist við:

„Álitsgerðir leyniþjónustunnar á þeim tíma sem haldið var í stríð, reyndust rangar. Eftirleikurinn varð fjandsamlegri, langdregnari og blóðugri en við höfðum nokkru sinni ímyndað okkur. Bandalagsríkin bjuggu sig undir ákveðnar grundvallarstaðreyndir en ráku sig á allt aðrar, og þjóðin sem við vildum frelsa og losa undan illsku Saddams varð í staðinn að fórnarlambi hryðjuverka milli andstæðra hópa.

Vegna alls þessa ber ég í brjósti dýpri sorg, iðrun og ósk um fyrirgefningu en þið munið ef til vill nokkurn tímann skilja eða geta trúað.“



Þegar ákveðið var að hefja innrásina hafi ekki verið búið að fullreyna allar friðsamlegar leiðir til að afvopna Írak. Hernaðaraðgerðir hafi ekki verið óhjákvæmilegar.

„Á einhverjum tímapunkti hefði ef til vill orðið nauðsynlegt að hefja hernað í Írak, en í mars 2003 stafaði engin aðkallandi hætta af Saddam Hussein,“ sagði Chilcot.

Blair er meðal annars harðlega gagnrýndur fyrir að láta George W. Bush Bandaríkjaforseta ráða ferðinni og gefa frá sér allar tilraunir til að fara hægar í sakirnar. Strax í júlí árið 2002, meira en hálfu ári áður en innrásin hófst, hafi hann sent Bush þessi skilaboð: „Ég mun standa með þér, hvað sem á dynur.“

Skýrslan, sem nefndin birti á vefsíðu sinni í gær, er engin smásmíði. Samtals 2,6 milljónir orða í tólf bindum. Samantektin ein er 150 blaðsíður að lengd.

***Fjórhjóladrifinn** dísiljeppi með*
***SYNC II** samskiptakerfi, **8" snertiskjá***
*og **íslensku leiðsögukerfi***




# NÝR FORD KUGA AWD

› Yfirburðir Ford Kuga liggja í óviðjafnanlegum aksturseiginleikum, fyrsta flokks öryggi og hámarks þægindum.

Staðalbúnaðurinn er sérstaklega glæsilegur. Þar á meðal er skynvætt tölvustýrt fjórhjóladrif sem lagar sig að undirlagi og ástandi vega, SYNC II samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu í 112, íslenskt leiðsögukerfi, 8" snertiskjár í miðjustokk, tvískipt tölvustýrð miðstöð með loftkælingu og 17" álfelgur.

Ford Kuga er tilvalinn til ferðalaga. Dráttargetan er mikil eða 2.100 kg. Veghæðin er jafnframt mikil eða um 20 cm undir lægsta punkt.

**Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Kuga AWD**
**- komdu og prófaðu**

## FORD **KUGA AWD**

BEINSKIPTUR AWD DÍSIL
FRÁ **5.490.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR AWD DÍSIL
FRÁ **5.690.000** KR.

ford.is

brimborg
***Öruggur staður til að vera á***

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
Opið á laugardögum frá og með 6. ágúst

Gerðu samanburð og þú munt sjá að Ford Kuga er gríðarlega vel búinn. Til viðbótar er eftirfarandi einnig staðalbúnaður: starthnappur, hraðastillir, brekkuaðstoð, LED lýsing í farþegarými, leðurklætt stýrishjól og gírstangarhnúður, rafstillanlegir og upphitanlegir útispeglar, þokuljós og Easy Fuel. Öryggi Ford Kuga er framúrskarandi enda fékk hann fimm stjörnur af fimm mögulegum í árekstra- og öryggisprófunum Euro NCAP. Ford Kuga er fáanlegur í þremur útfærslum: Trend Edition, Titanium og Titanium S. ◆ Ford Kuga AWD 2,0 TDCi dísil 150 hö. 6 gíra beinsk./6 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,2/5,4 l/100 km. $CO_2$ losun 135/140 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

NEYTENDUR

# Víða háar sektir fyrir of hraðan akstur

**Óskemmtilegt er að fá rukkun fyrir umferðarlagabrot í útlöndum, jafnvel ári eftir sumarfríið. Í Noregi er sektin fyrir að aka yfir á rauðu ljósi 600 evrur.**

Óskemmtilegur og óvæntur kostnaður vegna bílferðalags um Evrópu getur bæst við fari ökumenn ekki eftir umferðarreglum í viðkomandi landi.

Hafi maður verið staðinn að verki við umferðarlagabrot er sektin víða innheimt á staðnum en sektarboð getur líka borist í pósti eftir að heim er komið. Um háar fjárhæðir getur verið að ræða en þær eru mismunandi eftir löndum.

Íslendingur sem í fyrra ók bílaleigubíl á 98 km hraða á þjóðvegi á Ítalíu þar sem hámarkshraði var 90 km fékk á dögunum sektarboð í pósti. Þar segir að upphaflega sektin hafi verið 41 evra en nú sé upphæðin komin í 131 evru. Bréfið sem barst á dögunum, ári eftir að umferðarlagabrotið var framið, var fyrsta sektarboðið.

Á vef Félags íslenskra bifreiðaeigenda, FÍB, segir að í flestum tilfellum sé þýðingarlaust að reyna að hunsa kröfurnar. Slíkt leiði til enn meiri kostnaðar.

„Aðalatriðið við akstur erlendis er að hlýða umferðarlögum og -reglum í hvívetna. Menn eiga bara að gera það sem þeim er sagt og þá fer þetta vel,“ segir Stefán Ásgrímsson, ritstjóri hjá FÍB.

Gæta þurfi þess að fara ekki yfir hámarkshraða, tala ekki í farsíma í akstri og hvorki lesa né skrifa smáskilaboð undir stýri. Alltaf eigi að nota stefnuljós þegar við á og forðast eigi vafasaman framúrakstur.

**420**

**evrur að minnsta kosti þarf sá að greiða sem ekur 20 km yfir hámarkshraða í Noregi.**

**Aðalatriðið við akstur erlendis er að hlýða umferðarlögum og -reglum í hvívetna. Menn eiga bara að gera það sem þeim er sagt og þá fer þetta vel.**



Stefán Ásgrímsson, ritstjóri hjá FÍB.

Hæstu sektirnar vegna brota á umferðarlögum eru í Noregi, að því er danskir fjölmiðlar greina frá. Vitnað er í samantekt ADAC, systursamtaka FÍB í Þýskalandi, frá því í mars síðastliðnum. Þar segir að sá sem verði uppvís að því að aka 20 km yfir hámarkshraða í Noregi þurfi að greiða að minnsta kosti 420 evrur. Sé ekið 50 km yfir hámarkshraða nemur sektin að minnsta kosti 940 evrum. Sekt fyrir að aka á rauðu ljósi eða fara fram úr þar sem það er óleyfilegt nemur 600 evrum.

Í Danmörku kostar frá 135 evrum að aka 20 km yfir hámarkshraða en 300 evrur ef ekið er 50 km yfir hámarkshraða. Sektargreiðsla fyrir að aka á rauðu ljósi og aka ólöglega fram úr í Danmörku nemur 270 evrum. Þar er sektin fyrir að aka án öryggisbeltis 200 evrur.

Danska blaðið Politiken bendir á að víða í bæjum á Ítalíu séu svæði þar sem einungis megi aka með leyfi. Þessi svæði séu oft illa merkt. Aki menn inn á slíkt svæði sé tekin mynd af númeraplötu bílsins. Þeir sem ekki hafa greitt fyrir leyfi þurfi að greiða sekt. Slík svæði séu einnig í Þýskalandi en þar gildi aðrar reglur. ibs@frettabladid.is



**Á vef Félags íslenskra bifreiðaeigenda, FÍB, segir að í flestum tilfellum sé þýðingarlaust að reyna að hunsa kröfur frá öðrum löndum vegna umferðarlagabrota. Slíkt leiði til enn meiri kostnaðar.**





Mercedes-Benz B-Class
Þægindi og öryggi í fyrirrúmi

Í Mercedes-Benz B-Class situr þú hærra en í flestum fólksbílum sem auðveldar aðgengi og bætir yfirsýn. Lágur mengunarstuðull tryggir lægri bifreiðagjöld og um leið frábært verð fyrir bifreið í þessum gæðaflokki og sparneytnin heldur rekstrarkostnaðinum í lágmarki. Þessi vinsæli bíll er framhjóladrifinn og er einnig fáanlegur með 4MATIC fjórhjóladrifi. Hann fæst sjálfskiptur eða beinskiptur og er í boði með bensín-, dísil- og metanvélum.

B 160 með 7 þrepa sjálfskiptingu
Verð frá 4.800.000 kr.
Eyðir frá 4,0 l/100 km í blönduðum akstri

Mercedes-Benz
The best or nothing.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“ á Facebook



# DEBENHAMS

## Sumar ÚTSALAN

**Í FULLUM GANGI**

ALLT AÐ

# 50%

AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

Enn meira úrval af vörum á 50% afslætti.

## 20% AFSLÁTTUR AF SNYRTIVÖRUM*

Made in Iceland BIOEFFECT · BIOTHERM · Christian Dior · CLARINS · CLINIQUE · Elizabeth Arden · ESTĒE LAUDER
essie · HR · LANCÔME · L'ORÉAL PARIS · O·P·I · ST.TROPEZ · SENSAI · SHISEIDO · YVES SAINT LAURENT

KONUR • *herrar* • BÖRN • *skór*

*GILDIR EKKI AF MAC
GILDIR ÚT SUNNUDAG

Finndu okkur á facebook

**OPIÐ TIL 21:00 Í KVÖLD**

DEBENHAMS SMÁRALIND

# Útsölulok

## LOKADAGUR 10. JÚLÍ




**Quito-stóll.** Blár, bleikur, grár eða svartur. 14.900 kr. Nú 9.600 kr.




**Summer-hægindastóll.** Bast. 24.900 kr. Nú 14.900 kr.




**Summer-stóll.** Hvítur eða drapplitaður. Staflanlegur. 9.900 kr. Nú 4.950 kr.




**Summer-sólhlíf.** Ljósbrún sólhlíf. 300 cm. 9.900 kr. Nú 6.900 kr. **Bari-sólhlíf.** Svört sólhlíf. 200 cm. 2.900 kr. Nú 1.900 kr.




**Summer-tjald.** Drapplitað tjald. 235x235x245 cm. 19.900 kr. Nú 11.900 kr.




**Mikið úrval af sessum. Daffodil-sessa.** Græn, ljósblá eða dökkblá. 2.495 kr. Nú 1.195 kr.




**Summer-sólbekkur.** Ál og pólýtrefjar. L163 cm. 14.900 kr. Nú 7.450 kr.




**Vichy-glerskápur.** Hvítt MDF og Elri viður. 124 x 47 x 230 cm. 179.900 kr. Nú 125.900 kr.




**VP Glob-loftljós** glær akrýlskermur með bláu, appelsínugulu og króm involsi. 40 cm. 249.900 kr. Nú 149.900 kr.







**Cohen-ljós.** Ýmsir litir. 16 cm. 14.995 kr. Nú 11.245 kr. 25 cm. 19.995 kr. Nú 14.995 kr.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

50%

furninova



**Kingston-hægindastóll.** Grátt áklæði. Svampur með trefjafyllingu í sessu. 159.900 kr. Nú 79.950 kr.

50%



**Goteborg-hægindastóll.** Grind úr eik. Leðuráklæði á sessum. Verðflokkur B2. 124.900 kr. Nú 62.450 kr.

50%



**Nordica-einingasófi.** Fallegur sófi með ljósgráu áklæði. L270 x D 270 cm. 389.500 kr. Nú 194.750 kr. Horneining. 89.900 kr. Nú 44.950 kr. Eining án arma. 79.900 kr. Nú 39.950 kr. Skemill. 49.900 kr. Nú 24.950 kr.

35%



**Napper-legubekkur.** Fallegt grátt áklæði og viðarfætur. 80 x 200 cm. 109.900 kr. Nú 69.900 kr.

50%

furninova



**Kingston-sófi.** Þriggja sæta sófi með gráu áklæði . Svampur með trefjafyllingu í sessu og púðum. L 232 cm. Verðflokkur A2. 239.900 kr. Nú 119.950 kr.

30%



**Quebec-borð og 4 Link-stólar.** Fallegt hvítt borðstofuborð með krómfótum og 4 stólar með hvítri setu og krómfótum. 121.400 kr. Nú 81.500 kr.

*Sparaðu*
# 30%
AF ÖLLUM KERTASTJÖKUM OG LUKTUM



*Sparaðu*
# 30%
AF BIANCA FATASKÁPUM



**Bianca-fataskápur.** Hurðademparar og aðrir aukahlutir seldir sér.
**Hvítar rennihurðir.** 200 cm. Hilla og fataslá fylgja. Áður 123.700 kr. Nú 86.590 kr.
**Hvítar háglans rennihurðir.** 200 cm. 200 cm. Hilla og fataslá fylgja. Áður 178.900 kr. Nú 125.230 kr.



*Sparaðu*
# 25-50%
AF ÖLLUM MOTTUM

**Visible-motta.** Ýmsir litir. 130 x 190 cm. 34.900 kr. Nú 19.900 kr. 160 x 230 cm. 49.900 kr. Nú 28.900 kr. 200 x 300 cm. 79.900 kr. Nú 45.900 kr. Ø90 cm. 19.900 kr. Nú 9.900 kr. Ø150 cm. 34.900 kr. Nú 19.900 kr.

VEXTIR 0%

**12 MÁNAÐA VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING**
Þegar verslað er með VISA eða MasterCard. Þegar verslað er fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi.

VISA MasterCard

**3 MÁNAÐA VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING MEÐ** Netgíró

# VIÐSKIPTI



Íslensku flugfélögin hafa aukið umsvif sín töluvert á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## 34 prósentum fleiri farþegar

Íslensku flugfélögin WOW air og Icelandair hafa flutt rúmlega tvær milljónir farþega í millilandaflugi á fyrri helmingi ársins 2016, sem er 34,4 prósenta aukning miðað við sama tímabil í fyrra.

Icelandair hefur flutt 1,55 milljónir farþega. Það er 19,4 prósenta aukning milli ára, en á sama tímabili á síðasta ári ferðuðust 1,3 milljónir farþega með flugfélaginu í millilandaflugi.

WOW air hefur hins vegar flutt 548 þúsund farþega sem er 111 prósenta aukning milli ára, en á sama tímabili í fyrra flutti flugfélagið 260 þúsund farþega.

Bæði flugfélög hafa bætt við sig áfangastöðum á árinu. – sg

**2,2**

**milljónir farþega hafa ferðast með Icelandair og WOW air á fyrrihluta ársins.**

## Yfirgefinn aldingarður




Skemmtigarðinum Holy Land USA, sem byggður var á biblíusögunum, í Waterbury í Connecticut í Bandaríkjunum, var lokað árið 1984. Nú er lítið annað eftir en skilti sem segir til um hvaða starfsemi var rekin þar. Á 7. áratugnum heimsóttu allt að fjörutíu þúsund manns garðinn á ári. Bæjarstjóri Waterbury, Neil O'Leary, kom fyrir krossi í garðinum árið 2013 og er nú leitað að fjármagni svo hægt verði að opna garðinn á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




Fasteignagjöld hækkuðu mest á Siglufirði, eða um 25 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fasteignagjöld hækkað um allt að fjórðung

Fasteignagjöld eru hæst í Borgarnesi, og lægst í Vopnafirði. Fasteignamat húss og lóðar er hæst í Reykjavík í Suður-Þingholtum, það er hins vegar lægst á Patreksfirði. Þetta kemur fram í samanburði fasteignagjalda sem Þjóðskrá Íslands tók saman fyrir Byggðastofnun.

Fasteignamat húss og lóðar, ef miðað er við einbýlishús sem er 161,1 fermetri að grunnfleti og lóðarstærð er 808 fermetrar, er mjög mismunandi eftir því hvar á landinu það er. Fasteignamat húss og lóðar á höfuðborgarsvæðinu er að meðaltali 43,4 milljónir og hefur hækkað um rúm átta prósent frá árinu áður.

Utan höfuðborgarsvæðisins er matið hæst á Akureyri, 35,4 milljónir, samanborið við 33,6 milljónir árið áður. Lægsta heildarmat er á Patreksfirði þar sem það er 11,7 milljónir, en matið á Vopnafirði er 12 milljónir.

Fasteignamat hefur hækkað mest milli ára í Suður-Þingholtunum, um 11,1 prósent, það lækkar mest í Grindavík, eða um 5,1 prósent.

Fasteignagjöld eru hæst í Borgarnesi, þar sem þau eru 351 þúsund. Lægstu gjöld eru 180 þúsund á Vopnafirði eins og árið áður. Fasteignagjöld hækkuðu mest á Siglufirði, eða um 25 prósent. Rétt er að taka fram að sveitarfélög veita mismunandi þjónustu til dæmis hvað varðar sorpurðun og -förgun og er sums staðar rukkað fyrir þjónustu sem er innifalin í gjöldum annars staðar. – sg

# Fataverð á niðurleið vegna hruns pundsins

**Gengi pundsins gagnvart íslenskri krónu hefur lækkað um ellefu prósent frá Brexit-kosningunum. Vöruverð í breskum fataverslunum hér á landi mun lækka í takt við gengið. Hlutabréf í bresku netversluninni ASOS hafa hækkað hratt.**

Lægra gengi sterlingspunds mun endurspeglast í lægra verði breskra vara á Íslandi. Fataverð gæti lækkað um allt að tíu prósent.

Gengi sterlingspunds gagnvart íslenskri krónu mældist 159,59 í gær og hefur ekki verið lægra í rúm sjö ár, eða síðan í mars 2009. Frá því að úrslit Brexit-kosninganna um áframhaldandi viðveru Breta í ESB lágu fyrir hefur gengi pundsins gagnvart íslenskri krónu lækkað um 11,4 prósent, úr 180,13 í 159,59. Á síðastliðnu ári hefur gengið lækkað um 23 prósent.

Elísabet Inga Marteinsdóttir, rekstrarstjóri Dorothy Perkins, Topshop, Warehouse og Karen Millen, sem allt eru breskar verslanir, segir að þessi lækkun á gengi pundsins muni klárlega endurspeglast í vöruverðinu á Íslandi. „Við erum mjög ánægð með þetta að geta lækkað vöruverðið hjá okkur,“ segir Elísabet.

Svava Johansen, eigandi NTC, segist einnig sjá fram á lækkanir. „Við sjáum alveg klárlega fram á lækkun. Við erum að taka inn ný bresk merki núna, meðal annars Paul Smith, og sjáum fram á um tíu prósenta lækkun. Við erum mjög spennt að geta lækkað bresku vörurnar og höfum einmitt verið að auka innkaup þaðan. Evran hefur líka lækkað um þrjú eða fjögur prósent. Það sem við tökum inn í apríl og núna hefur lækkað þó nokkuð.“

Líklegt er að margir íslenskir neytendur hafi nýtt sér tækifærið og verslað við breskar netverslanir, til dæmis Amazon UK og ASOS.




**Við erum að taka inn ný bresk merki núna, meðal annars Paul Smith, og sjáum fram á um tíu prósenta lækkun.**



Svava Johansen, eigandi NTC

Gengi hlutabréfa í ASOS hefur, ólíkt öðrum breskum fyrirtækjum, hækkað í kjölfar Brexit-kosninganna um tæplega fimm prósent.

Gengi sterlingspunds hefur ekki einungis lækkað gagnvart íslenskri krónu heldur einnig gagnvart Bandaríkjadal og náði 31 árs lægð í gær þegar það nam 1,29 og hafði lækkað um fjórtán prósent frá Brexit-kosningunum.

Erfitt er að spá um þróun pundsins þar sem mikil óvissa ríkir í bresku efnahagslífi. Sérfræðingar hjá Goldman Sachs áætla þó að gengið gæti lækkað í allt að 1,2 á móti Bandaríkjadal á næstu þremur mánuðum. saeunn@frettabladid.is

# FRÍHAFNARDAGAR



**TAX FREE**

**SNYRTIVÖRU DAGAR**

DAGANA 7.-11. JÚLÍ
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM **SNYRTIVÖRUM**

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla


ALA í Múrbúðinni
20% AFSLÁTTUR
Kaffivél með Thermo hita-könnu 10-12 bolla, 900w
1.968
áður kr. 2.460
Djús/ávaxtablandari með glerkönnu, mylur ís, 400w 1,3l.
3.154
áður kr. 3.942
30% AFSLÁTTUR
Drive ZD90A-20L
Ryk- og blautsuga
1400W, 20 lítrar
rafmagns innstunga
10.493
áður kr. 14.990
20% AFSLÁTTUR
Spandy 1200W Cyclone heimilsryksuga
8.712
áður kr. 10.890
GÆÐASKÓFLUR
20% AFSLÁTTUR
1.352
áður kr. 1.690
1.272
áður kr. 1.590
1.432
áður kr. 1.790
1.432
áður kr. 1.790
1.512
áður kr. 1.890
MIKIÐ ÚRVAL
Malarhrífa
20% AFSLÁTTUR
Vörutrilla 60kg
4.392
áður 5.490
20% AFSLÁTTUR
7.192
Hraðastilltur slípi- & bónrokkur 1100W
áður kr. 8.990
20% AFSLÁTTUR
MaxPro borðsög
254mm blað 1500W
30.392
áður kr. 37.990
20% AFSLÁTTUR
Búkki stillanlegur
5.592
áður kr. 6.990
20% AFSLÁTTUR
Bílabúkkar 2 tonn 2stk
3.112
áður kr. 3.890
Drive160 L steypurhrærivél
36.792
áður kr. 45.990
20% AFSLÁTTUR
30% AFSLÁTTUR
Drive Fjölnotatæki 300W
5.593
áður kr. 7.990
Frábært verð á stál- og plast-pakrennum.
Sjá verðlista á www.murbudin.is
Bílatjakkur max 2 tonn
4.990
20% AFSLÁTTUR
LuTool Fjölnota sög 600W fyrir málm, við, flísar og steypu, 3 blöð fylgja
13.990
20% AFSLÁTTUR
SAN-SM-CLE206
Fjölnota pallur/trappa
14.392
áður kr. 17.990
pallur fylgir
Drive skrúfstykki 14 kg 15cm
7.890
LuTool 7 blaða sett
2.490
DOMAX byggingarvinklar.
Mikið úrval
Mei-9993150
Upptínslutól 60cm
1.276
áður kr. 1.595
20% AFSLÁTTUR
20% AFSLÁTTUR
CLA-403
Fjölnota trappa með palli stigi/pallur 4x3 þrep
13.512
áður kr. 16.890
LA-211 - BAR
PRO álstigi/trappa
2x11 þrep
3,11-5,34 m
11.893
áður kr. 16.990
30% AFSLÁTTUR
LuTool fjölnota hjakktæki til viðhalds - þráðlaus með 12V LioIon rafhlöðu
8.990
LuTool 32mm blað í fjölnota tæki
390
20% AFSLÁTTUR
20% AFSLÁTTUR
20% AFSLÁTTUR
Margar stærðir og gerðir með afslætti
Portúgalskir leirpottar í úrvali
Gæðavara 30% afsláttur
30% AFSLÁTTUR
Fjöltengibox IP44 H07RN F3G1,5 1,5 m snúra
1.592
áður kr. 1.990
25 metra rafmagnssnúra
4.392
áður kr. 5.490
Kapalkefli 3FG15, 15 mtr
3.352
áður kr. 4.190
Weber Milligróf múrblanda
25 kg 1.890
Weber Gróf Múrblanda
25 kg 1.690
15% AFSLÁTTUR
30% AFSLÁTTUR
Bio Kleen pallahreinsir
761
áður kr. 895
5 lítrar kr. 2.801
Landora tréolía 3 l.
1.883
áður kr. 2.690
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Reykjavík Kletthálsi 7 Opið virka daga kl. 8-18, lau. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18 Opið virka daga kl. 8-18
MÚRBÚÐIN
rksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

# Ullaræði



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Með fjölgun ferðamanna hefur orðið mikill vöxtur í sölu á íslenskum varningi, sérstaklega ullarfatnaði. Í því sem mætti kalla ullaræði hefur orðið vart við fölsun og vörusvik; vörur sem ekki eru úr íslensku hráefni eða framleiddar hér á landi eru seldar sem slíkar.

Í aðsendri grein í Fréttablaðinu í gær segir Páll Kr. Pálsson, framkvæmdastjóri Varma sem hefur framleitt ullar- og skinnavörur á Akureyri í þrjátíu ár, að fyrirtækið þurfi að hætta starfsemi sinni fyrir norðan. Ástæðan sé sú að stjórnvöld leyfi að svindlað sé á neytendum með því að heimila innfluttar vörur án upprunamerkinga.

Kristjana Guðbrandsdóttir, blaðamaður Fréttablaðsins, skrifaði á dögunum úttekt um ullariðnaðinn. Þar tóku margir sem koma að þessum vettvangi undir sjónarmið Páls. Vörur eru fluttar inn og seldar með íslensku yfirbragði og erlendri ull er blandað við þá íslensku. Þuríður Einarsdóttir hjá Handprjónasambandinu sagði ábyrgð stjórnvalda ríka. „Það eru reglur um upprunavottorð um ýmsa vöru en það virðist ganga hægt þegar kemur að fatnaði.“

Um er að ræða mikilvægt neytendamál, sem og iðnaðarmál. Það er klárt að rétt eins og neytendur eru tilbúnir að borga meira fyrir rauðvín sem er framleitt á ákveðnum svæðum erlendis, íslenskt lambakjöt og vöru frá ákveðnum hönnuðum, bæði innlendum og erlendum, þá stendur íslensk ullarvara fyrir ákveðin gæði. Engum verður meint af því að kaupa ullarpeysu sem er framleidd úr íslenskri ull sem hefur verið þynnt út með erlendri ull, en það eru samt sem áður ekki þau gæði sem verið er að greiða fyrir.

Þeir sem framleiða sína vöru erlendis, en nota íslenskt hráefni og íslenska hönnun, eiga að vera stoltir af því og sýna neytendum sínum þá virðingu að merkja vörur sínar með réttum hætti. Í ullarúttektinni sagði Bjarney Harðardóttir, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar 66°Norður, að fyrirtækið vildi ekki fela að það framleiddi vörur sínar erlendis. „Við erum íslenskt vörumerki hvort sem vörur okkar eru framleiddar hér heima eða ytra.“

Í grein Páls kom fram að hann hefði reglulega vakið athygli stjórnsýslunnar á óréttlæti í merkingarmálum án þess að neitt hafi verið gert. Í svörum innanríkis- og iðnaðarráðuneyta í Fréttablaðinu í dag kemur fram að starfshópur hafi aðeins skilað af sér niðurstöðu sem tók til notkunar íslenska þjóðfánans við markaðssetningu á vöru og þjónustu. Iðnaðarráðherra segir tilefni til að skoða málin þegar þing kemur saman í haust.

Það er greinilega full ástæða til að taka þessi mál til ítarlegrar skoðunar. Það eru engar ástæður til að setja hér boð og bönn og loka landinu fyrir erlendri framleiðslu. Það er hins vegar sjálfsögð kurteisi að gera framleiðendum að merkja vörur sínar með réttum hætti og vernda þannig í leiðinni íslenskan iðnað og þau gæði sem hann stendur fyrir.

**Þeir sem framleiða sína vöru erlendis, en nota íslenskt hráefni og íslenska hönnun, eiga að vera stoltir af því og sýna neytendum sínum þá virðingu að merkja vörur sínar með réttum hætti.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Drekinn í Samfylkingunni**
Samfylkingin í Reykjavík verður með opið prófkjör fyrir komandi kosningar. Það þýðir að hver sá sem skrifar undir stuðningsyfirlýsingu við flokkinn getur kosið á lista, þrátt fyrir að vera ekki skráður félagi. Þessi aðferð býður upp á heilmikla smölun. Aðferðin gagnast helst mönnum með öflugar kosningamaskínur að baki sér, eins og Össuri Skarphéðinssyni, en fyrir síðasta prófkjör flokksins skráði nokkur fjöldi fólks sig í flokkinn til þess að kjósa hann. Össur skrifaði árið 2011 bókina Ár drekans, m.a. um innanflokksátök í Samfylkingunni og les hvern pólitískan leik vel. Prófkjörið getur varla farið öðruvísi en svo að Össur skrifi næst bókina Kjörtímabil drekans.

**Formaður utan þings**
Það var óvenju fjölmennur fundur hjá Samfylkingunni sem samþykkti opna prófkjörið. Um 50 sátu fundinn sem er mikið í seinni tíð. Fylgi flokksins er enda í lægstu lægðum. Samfylkingarfólk er bjartsýnt á að með nýjum formanni, Oddnýju Harðardóttur, togist fylgið aftur upp í tæka tíð fyrir kosningar. Samkvæmt nýjustu könnun Fréttablaðsins nær Oddný ekki inn á þing í sínu kjördæmi. Það gerir nýkjörinn varaformaður, Logi Einarsson, ekki heldur. Pólitískur glundroði í vor dugði ekki til að bæta fylgið. Nú er beðið eftir kraftaverki.
snaeros@frettabladid.is

# Árangur í málefnum fatlaðs fólks



Eygló Harðardóttir
félags- og húsnæðismálaráðherra

Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks hefur reynst mikilvægt tæki í að vinna að uppfyllingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Ályktunin var samþykkt á Alþingi þann 1. júní 2012. Í áætluninni voru tilgreind 43 verkefni á átta málasviðum sem lúta að aðgengi, atvinnu, félagslegri vernd og sjálfstæðu lífi, heilbrigði, ímynd og fræðslu, mannréttindum, menntun og þátttöku í samfélaginu. Framkvæmdaáætlunin átti að gilda 2012 til 2014, en gildistími hennar var framlengdur uns ný áætlun tæki við þar sem fjárveitingar til hennar voru minni en væntingar stóðu til á því tímabili. Úr því var bætt og fjölmörg verkefni hafa orðið að raunveruleika.

Nefna má styrki til úttektar á aðgengi fatlaðs fólks að þeim stöðum sem almenningur hefur aðgang að og styrkur til að gerðar handbókar fyrir ferðaþjónustuaðila um aðgengismál; vitundarvakningu og átaksverkefni til að auka atvinnumöguleika fatlaðs fólks á almennum vinnumarkaði í samstarfi við Vinnumálastofnun; styrki til nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefna í velferðarþjónustu til að auka lífsgæði notenda, Hjálpartækjamiðstöð Sjúkratrygginga fékk styrk til fræðslu í meðferð og þróun tjáskiptatækja og haldið var sérstakt málþing um velferðartækni; Barnaverndarstofa fékk styrk til að veita starfsmönnum í barnavernd, félagsþjónustu og hjá Barnahúsi þjálfun í að vinna með fötluðum börnum sem hafa orðið fyrir ofbeldi; og sjónvarpsþættirnir Með okkar augum fengu sérstakan styrk.

Vinna að nýrri framkvæmdaáætlun er hafin og er áhersla lögð á víðtækt samráð og þátttöku við gerð hennar. Nánari upplýsingar eru á vef ráðuneytisins: www.velferdarraduneyti.is/framkvaemdaaaetlun.

Vegna sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hefur starfshópur á mínum vegum undir forystu Willums Þórs Þórssonar þingmanns lagt fram frumvarpsdrög með veigamiklum breytingum á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og málefni fatlaðs fólks. Drögin hafa verið birt til umsagnar á vef ráðuneytisins. Þá er það von mín að drög að nýrri framkvæmdaáætlun verði birt til umsagnar í byrjun september.

**Vinna að nýrri framkvæmdaáætlun er hafin og er áhersla lögð á víðtækt samráð og þátttöku við gerð hennar.**

ALLTAF
VIÐ HÖNDINA
Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu


FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LÍFIÐ:** Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Vogskornar strendur

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Í Múrmansk, stærstu borg heimsins norðan við heimskautsbaug, sagði gamall Rússi við mig: Við njótum þess hér að eiga góða granna. Hún átti við Norðmenn, Svía og Finna. Orð hennar ylja Íslendingi um hjartarætur. Við heimsækjum þá oft, bætti hún við, og förum því oftar til útlanda en flestir aðrir Rússar ef íbúar Moskvu og Sankti Pétursborgar eru undan skildir. Algeng mánaðarlaun í Múrmansk eru 50 til 60 þúsund krónur og eftirlaun mun lægri.

### Íslaus höfn

Síðari heimsstyrjöldin er enn á allra vörum í Múrmansk sem gegndi þar mikilvægu hlutverki. Borgin var reist frá grunni í fyrri heimsstyrjöldinni, fyrir réttum 100 árum. Þaðan komust rússnesk herskip og önnur skip út á opið haf þar eð Golfstraumurinn heldur höfninni íslausri árið um kring. Í síðari heimsstyrjöldinni var Sankti Pétursborg sem hét þá Leníngrað umsetin af Þjóðverjum svo engin skip komust þaðan út. Rússar misstu 27 milljónir mannslífa í stríðinu, telja menn nú, tuttugu sinnum fleiri mannslíf en Bandaríkjamenn, Bretar og Frakkar misstu samanlagt.

Fólkinu hefur fækkað í Múrmansk, íbúarnir eru nú um 300.000, voru áður hálf milljón. Borgin er býsna hrörleg að sjá. Ásýnd hennar virðist ekki hafa tekið miklum breytingum frá því Sovétríkin hrundu fyrir aldarfjórðungi. Ýmis framfarateikn verða þó á vegi manns. Statoil, norska olíufyrirtækið, rekur bensínstöðvar í Múrmansk. Rússnesk olíufyrirtæki þurfa að sæta erlendri samkeppni. Útvegsfyrirtæki greiða veiðigjöld í almannasjóði. IKEA selur ungu fólki sænsk húsgögn. Sumt annað vitnar um stöðnun. Margverðlaunuð rússnesk kvikmynd frá 2014, Leviathan, sem lýsir vonlausri viðureign venjulegrar fjölskyldu við spilltan sveitarstjórnarmann í litlum bæ ekki langt frá Múrmansk, fékkst ekki sýnd í borginni utan einu sinni. Eiga kvikmyndahúsin þó að heita einkafyrirtæki.

### Jafnvægi í byggð

Noregur á landamæri að Rússlandi. Kirkjunes, einn nyrzti bær Noregs, er steinsnar frá landamærunum. Norðmenn leggja fyrir vikið enn ríkari áherzlu en ella væri á jafnvægi í byggð lands síns upp eftir gríðarlangri ströndinni alla leið að mörkum Rússlands og verja í þessu skyni talsverðu fé m.a. til að styrkja bændur og fiskimenn ýmist beint eða óbeint. Byggðastefnan er m.ö.o. herfræðileg að hluta. Norðmönnum þykir óráðlegt að hafa hluta landsins óbyggðan þar eð þá gætu óboðnir gestir e.t.v. hreiðrað þar um sig óséðir. Langvinn togstreita Norðmanna og Rússa um efnahagsstarfsemi á Svalbarða vitnar um vandann. Svíþjóð liggur hvergi að Rússlandi. Svíar töldu óhætt að hverfa frá opinberum fjárstuðningi við land og sjó fyrir löngu og kjósa heldur að styðja byggðirnar t.d. með öflugu háskólastarfi um allt land eins og Norðmenn gera raunar einnig. Opinber stuðningur við land og sjó í Svíþjóð einskorðast við sameiginlega landbúnaðar- og fiskveiðistefnu ESB.

Nasistar lögðu Finnmörk, nyrzta hluta Noregs, í rúst í stríðslok þegar þeir sáu fram á að verða undir, brenndu Hammerfest og fleiri bæi til grunna og fluttu fólkið burt. Sviðna jörðin sem nasistar skildu eftir sig markaði djúp spor í Noregi sem hafði misst heilar borgir og bæi í hörmulegum brunum á fyrri tíð. Íslendingar þekkja brunann mikla í Kaupmannahöfn 1728 sem Halldór Laxness gerði ógleymanlegan í Íslandsklukkunni. Ósló brann til kaldra kola 1624, Þrándheimur 1681, Björgvin 1702 og aftur 1916, Hammerfest 1890 og Álasund 1904. Þetta voru engir smábrunar, heldur brann næstum allt sem brunnið gat. Bæirnir í Finnmörk voru endurreistir eftir stríð.

### Samkeppni þrátt fyrir fólksfæð

Norsk landsbyggð ljómar af myndarskap. Í litlum bæjum norður eftir öllu landinu rekar danskir og sænskir bankar útibú líkt og Glitnir gerði fram að hruni. Af því má ráða að fólksfæð er engin fyrirstaða í augum þessara banka. Norskir bankar þurfa að sæta erlendri samkeppni til hagsbóta fyrir viðskiptavini sína.

**Norsk landsbyggð ljómar af myndarskap. Í litlum bæjum norður eftir öllu landinu rekar danskir og sænskir bankar útibú líkt og Glitnir gerði fram að hruni. Af því má ráða að fólksfæð er engin fyrirstaða í augum þessara banka. Norskir bankar þurfa að sæta erlendri samkeppni til hagsbóta fyrir viðskiptavini sína.**

Byggðin er fjölbreytt. Samar eru um 100.000 alls, sérstakur þjóðflokkur hreindýrabænda sem hefur búið á norðurslóðum í mörg þúsund ár. Flestir eru þeir í Noregi, eða um 50.000, og flestir hinna eru í Svíþjóð og Finnlandi, en fáir eru eftir í Rússlandi, aðeins um 2.000. Samar tala ólíkar mállýzkur, svo ólíkar að þeir tala nú helzt saman á ensku á ættarmótum. Aukin sjálfstjórn Sama miðar að traustari stöðu þeirra innan Noregs, Svíþjóðar og Finnlands.

# Er lokamarkið í augsýn?



Jóna Valgerður Kristjánsdóttir
fulltrúi LEB í endurskoðunarnefnd almannatrygginga

Nú á tímum er til siðs að tala líkingamál knattspyrnunnar, eftir hina frækilegu Frakklandsferð landsliðsins í fótbolta. Því er við hæfi að spyrja sig hvort við sem höfum starfað í nefnd um endurskoðun almannatrygginga séum nú að sjá lokamarkið nálgast.

Frumvarp um breytingar á lögum um almannatryggingar er komið inn á vef velferðarráðuneytisins. Það er afrakstur mikillar vinnu árum saman og grundvallarbreytingar á kerfinu. Þær breytingar sem lagðar eru til er þokkaleg sátt um, en þær snerta fyrst og fremst kjör eldri borgara. Ekki eru breytingar gerðar hvað varðar öryrkja, en lagt er til að komið verði á tilraunaverkefni um starfsgetumat sem komi í stað örorkumats. Ég ætla ekki í þessari grein að fara nánar út í það mál.

Það sem snertir eldri borgara er einföldun kerfisins, sveigjanleiki í lífeyristöku, hækkun á ellilífeyrisaldri á 24 árum og samræming á skerðingarprósentu allra tekna þegar reikna á út réttindi fólks í almannatryggingum. Sameina á grunnlífeyri, tekjutryggingu og framfærsluuppbót í einn ellilífeyri. Framfærsluuppbótin sem hefur verið með 100% skerðingu gagnvart öllum öðrum tekjum verður færð í flokk ellilífeyris þar sem skerðingin verður 45%. Það er stór ávinningur að ná því að þessi uppbót á lífeyri renni nú inn í almennan ellilífeyri.

Jafnframt verður meiri sveigjanleiki í kerfinu sem Landssamband eldri borgara hefur lagt ríka áherslu á. Hægt verður að byrja að taka ellilífeyri 65 ára, en einnig að geyma það til 80 ára. En jafnframt verður líka hægt á þessu 15 ára tímabili að taka ½ lífeyri hjá bæði lífeyrissjóðum og almannatryggingum og geyma hinn helminginn til allt að 80 ára aldurs, og hækkar þá geymdi lífeyririnn samkvæmt tryggingarfræðilegu mati þangað til viðkomandi tekur fullan lífeyri.

**Kostnaður ríkissjóðs af þessu frumvarpi verði það að lögum fer að miklum hluta til að bæta hag eldri kvenna, sem hafa verið í meirihluta þeirra sem hafa haft framfærsluuppbótina og lítið í lífeyrissjóði.**

Þetta ákvæði þarf þó undirbúningstíma og mun ekki taka gildi fyrr en ári seinna en aðrar breytingar sem lagðar eru til.

Eftir er að breyta lögum um lífeyrissjóði til samræmis við almannatryggingarnar. Taki fólk hálfan lífeyri getur það haldið áfram að vinna án skerðingar vegna vinnulauna. Það ætti því að hvetja fólk til atvinnuþátttöku eftir getu og vilja hvers og eins. Með hækkandi meðalaldri þjóðarinnar hefur verið krafa um meiri sveigjanleika til bæði lífeyristöku og lengri starfsævi. Þá er einnig verið með þessum breytingum að hækka lífeyristökualdur úr 67 árum í 70 ár á 24 árum. Það byrjar á árinu 2018 og hækkar um tvo mánuði á ári í 12 ár og síðan um einn mánuð á ári næstu 12 ár.

### Bætir verulega hag eldri kvenna

Kostnaður ríkissjóðs af þessu frumvarpi verði það að lögum fer að miklum hluta til að bæta hag eldri kvenna, sem hafa verið í meirihluta þeirra sem hafa haft framfærsluuppbótina og lítið í lífeyrissjóði. Þetta eru oftast konur sem voru heimavinnandi fram eftir aldri, sinntu heimili og mörgum börnum, en fóru svo að vinna seinna utan heimilis og oft í láglaunastörfum. Jafnframt bætir þetta hag þeirra sem eiga sparifé þar sem skerðingarprósenta vegna vaxtatekna fer einnig í 45%, en frá Hruninu hefur það verið föst fjárhæð eða rúmar 98.000 kr á ári. Ég hvet alla til að kynna sér frumvarpið inn á vef velferðarráðuneytis. Hægt er að slá inn á netið: vel.is og þá kemur vefurinn upp og þar er kynning á efninu. Athugasemdir þurfa að berast fyrir 31. júlí. Vonandi sjáum við frumvarpið verða að lögum fyrir áformaðar þingkosningar í haust.





KRÓNAN
-20%
399 kr. kg
Verð áður ~~499~~ kr. kg
Nektarínur í lausu eða í öskju, Ítalía
Vínber
500 g
Ferskt alla daga
-24%
379 kr. pk.
Verð áður ~~499~~ kr. pk.
Vínber í boxi 500 g, græn eða rauð, Spánn/Egyptaland
Nektarínur
TILBOÐIN GILDA TIL 10. JÚLÍ - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS


KRÓNAN
Ódýrt
Vanilluís og súkkulaðiís 2L
399 kr. pk.
Ódýrt
Frosin bláber 250g - 996 kr.kg
249 kr. pk.
Frosin hindber 300g - 930 kr.kg
279 kr. pk.
Frosin jarðarber 400g - 423 kr.kg
169 kr. pk.
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
TILBOÐIN GILDA TIL 10. JÚLÍ - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS


KRÓNAN
Lúxus grísakótilettur
-30%
1589 kr. kg
Verð áður ~~2280~~ kr. kg
Lúxus grísakótilettur úrbeinaðar, Spánn
Hvítlauks marinering
New York marinering
Ítölsk marinering
Grill-snilld
Deildu þínum grillsigrum á grillsnilld.is Veglegir vinningar í boði
#Grillsnilld
KRÓNAN
-20%
GRAND CRU LAMB
sérvalið og kryddað
Bocuse d'Or kokkarnir velja kjötið frá KS
Engu öðru líkt!
-30%
3339 kr. kg
Verð áður ~~4770~~ kr. kg
Ungnauta Entrecote, Nýja-Sjáland.
2079 kr. kg
Verð áður ~~2599~~ kr. kg
Bocuse d'Or íslenskar lærisneiðar
TILBOÐIN GILDA TIL 10. JÚLÍ - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# KRÓNAN






1299 kr. pk.

100% hágæða ungnautahamborgari, Brioche hamborgarabrauð, Fabrikkusósa og salt + pipar, 2 stk. í pakka

ÍSLENSKA
HAMB ORGARA FABRIK KAN
2010

ENGIN AUKEFNI 100% UNGNAUTAHAKK

## 100% hamborgara-búðin þín

90g - 449 kr. pk.
120g - 569 kr. pk.
175g - 849 kr. pk.

★★★

Steikarborgari 120g
20% fita - góður á grillið
569 kr. pk.

★★★

alltaf 2 stk. í pakka




399 kr. stk.

Fabrikkusósan og Barbíkjúsósa Fabrikkunnar 300ml.

-25%



219 kr. kg

Verð áður ~~299~~ kr. kg

Ferskur ananas, Ekvador

## Grænmeti á grillið



249 kr. kg

Kúrbítur, Spánn



189 kr. stk.

Ferskur maís, Spánn

#Grillsnilld KRÓNAN

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

## Þrumuskalli Ronaldos kom Portúgal á bragðið í Lyon




**Flugtak hafið** Cristiano Ronaldo kom Portúgal í 1-0 í undanúrslitaleiknum gegn Wales í gær með sannkölluðum þrumuskalla. Real Madrid-maðurinn reis hæst í teignum og bombaði boltanum með enninu í netið. Ronaldo jafnaði þar með markamet Michels Platini á EM en þeir hafa báðir gert níu mörk. Platini gerði þau öll í einni keppni en Ronaldo hefur skorað í fjórum lokakeppnum sem engum öðrum hefur tekist. NORDICPHOTOS/GETTY

# Risar mætast í Marseille

**Það kemur í ljós í kvöld hvort það verður Þýskaland eða Frakkland sem mætir Portúgal í úrslitaleik EM 2016 á Stade de France á sunnudagskvöldið.**

**FÓTBOLTI** Leikurinn á Stade Vélodrome í kvöld er sannkallaður þungavigtarbardagi á milli ríkjandi heimsmeistara og gestgjafa mótsins. Þjóðverjar eiga góðar minningar frá leikjum gegn Frökkum í útsláttarkeppni HM en þetta er í fyrsta sinn sem liðin mætast á EM.

Báðir þjálfararnir, Joachim Löw og Didier Deschamps, þurfa að taka stórar ákvarðanir varðandi liðsval og leikskipulag fyrir leikinn í kvöld.

Löw er nokkur vandi á höndum því Mario Gómez og Sami Khedira eru meiddir og Mats Hummels, sem skoraði eina mark leiksins þegar liðin mættust í 8 liða úrslitum á HM í Brasilíu fyrir tveimur árum, tekur út leikbann. Þá er óvíst með þátttöku fyrirliðans Bastians Schweinsteiger. Ef hann verður ekki með þarf Löw að setja traust sitt á annaðhvort Emre Can eða Julian Weigl en hvorugur þeirra hefur spilað leik á stórmóti áður. Thomas Müller fær svo væntanlega það hlutverk að fylla skarð Gómez í framlínunni þrátt fyrir að Bayern München-maðurinn hafi verið óvenjulega kaldur fyrir framan markið á EM.

Löw spilaði með þriggja manna vörn gegn Ítalíu í 8 liða úrslitunum en ólíklegt þykir að hann haldi því áfram, nema hann geri ráð fyrir því Deschamps byrji með Antoine Griezmann og Oliver Giroud saman í frönsku framlínunni.

Sú blanda gafst vel í seinni hálfleiknum gegn Írum í 16 liða úrslitunum og svo gegn Íslendingum á sunnudaginn. Í þessum þremur hálfleikjum skoraði Griezmann þrjú mörk og Giroud tvö. Þeirra bíður samt erfitt verkefni, að sigrast á þýsku vörninni og markverðinum frábæra Manuel Neuer en Þýskaland hefur aðeins fengið á sig eitt mark á EM og það kom úr vítaspyrnu.

N'Golo Kanté og Adil Rami snúa aftur í franska liðið eftir að hafa tekið út leikbann gegn Íslendingum. Rami tekur að öllum líkindum stöðu Samuels Umtiti í miðri vörninni en Deschamps þarf svo að gera upp við sig hvort hann setur Kanté aftur inn í byrjunarliðið sem þýðir að hann þarf að breyta aftur yfir í leikkerfið 4-3-3 sem gafst misvel í fyrstu fjórum leikjunum.

Frakkar hafa unnið síðustu tvö stórmót sem þeir hafa haldið og franska þjóðin gerir kröfu um að þriðji titillinn komi í hús á sunnudaginn. Verkefni kvöldsins er hins vegar ærið.

„Við erum að spila á móti besta liði í heimi en ætlum að gefa allt í þennan leik,“ sagði Deschamps á blaðamannafundi fyrir stórleikinn í Marseille í kvöld. **ingvithor@365.is**

**Undanúrslit:** 7. júlí
**Stade Vélodrome**
Tekur 67.000 manns í sæti

| Þýskaland | Innbyrðisviðureignir liðanna | Frakkland |
|---|---|---|
| **Þjálfari** Joachim Löw | 9 \| 12 | **Þjálfari** Didier Deschamps |
| **Fyrirliði** Manuel Neuer | 6 Jafntefli | **Fyrirliði** Hugo Lloris |
| **Besti árangur á EM** Meistarar x3 | | **Besti árangur á EM** Meistarar x2 |

**Síðustu viðureignir liðanna:**
**2015** Frakkland **2-0** Þýskaland | **2014** Frakkland **0-1** Þýskaland

| 1. sæti í C-riðli | | | Leiðin í undanúrslit | 1. sæti í A-riðli | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| S | Úkraína | 2-0 | Leikur 1 | S | Rúmenía | 2-1 |
| J | Pólland | 0-0 | Leikur 2 | S | Albanía | 2-0 |
| S | N-Írland | 1-0 | Leikur 3 | J | Sviss | 0-0 |
| S | Slóvakía | 3-0 | 16-liða úrslit | S | Írland | 2-1 |
| S | Ítalía | 1-1 (6-5) | 8-liða úrslit | S | Ísland | 5-2 |

**Stjörnuleikmenn**



**Toni Kroos**
Aldur: 26 ára
Félagslið: Real Madrid

**Antoine Griezmann**
Aldur: 25 ára
Félagslið: Atlético Madrid



**Tölfræði í mótinu**

| Þýskaland | | Frakkland |
|---|---|---|
| 7 | Mörk skoruð | 11 |
| 91 | Skot | 87 |
| 31 | Skot á mark | 29 |
| 3.064 | Heppnaðar sendingar | 2.218 |
| 35 | Hornspyrnur | 34 |
| 63% | Með boltann | 55% |

**EM 2016 í Frakklandi í gær**

### Undanúrslit

**Portúgal - Wales 2-0**
1-0 Cristiano Ronaldo (50.), 2-0 Nani (53.).

Portúgal er komið í úrslit á stórmóti í annað sinn eftir 2-0 sigur á Wales í Lyon. Cristiano Ronaldo og félagar mæta annaðhvort Þýskalandi eða Frakklandi í úrslitaleiknum í París á sunnudagskvöldið.

**Það er sem sagt staðfest að Ísland er eina liðið sem skoraði í öllum leikjum sínum á EM. #isl**

Guðmundur Steinarsson
**@gummisteinars**

BESTA STÖKKIÐ DUGÐI EKKI TIL



Hafdís Sigurðardóttir komst ekki í úrslit í langstökki á EM í frjálsum íþróttum sem fer fram í Amsterdam. Hafdís tók þátt í forkeppninni í gær og náði sínu besta stökki á árinu, 6,35 m. Það dugði þó skammt því stökkva þurfti 6,46 m til að komast í úrslit. Hafdís endaði í 15. sæti í forkeppninni. Hún stökk 6,11 metra í fyrstu tilraun, 6,35 metra í annarri tilraun og 6,21 metra í þeirri þriðju.

**Fullt af lausum sætum á Portúgal Wales. Nicole ekki að standa sig.**

Örn Úlfar Sævarsson
**@ornulfar**

ANÍTA KOMST ÁFRAM Á EM

Aníta Hinriksdóttir tryggði sér í gær sæti í undanúrslitum í 800 metra hlaupi á EM í frjálsum íþróttum í Amsterdam. Aníta hljóp á 2:02,44 mínútum en aðeins þrír keppendur voru með betri tíma en hún. Besti tími Anítu í greininni er 2:00,49 mínútur en hún náði honum fyrir þremur árum. Aníta keppir í riðli 2 í undanúrslitunum síðdegis í dag. Fyrstu tveir keppendurnir í riðlunum þremur komast í úrslit auk þeirra sem eru með tvo bestu tímana þar fyrir utan.




## Í dag

**12.00** **Wimbledon** Sport
**22.00** **Sumarmessan** Sport

**Evrópudeild UEFA**
**15.30** **Jelgava - Breiðablik**
**16.30** **Bröndby - Valur**
**18.45** **Glenavon - KR**

**Inkasso-deildin**
**19.15** **Haukar - HK** Ásvellir
**19.15** **KA - Fjarðabyggð** Akureyrarv.

**EM 2016**
**19.00** **Þýskaland - Frakkland**




Eftir stækkunina býður Penninn Eymundsson upp á meira úrval bóka, gjafavara og ritfanga. MYNDIR/ANTON BRINK



Fallega innréttuð verslun og fjölbreyttir vöruflokkar.



Nú geta viðskiptavinir fengið sér gæðakaffi og gott meðlæti.



Notaleg stund í fallegu umhverfi.



Úrval ritfanga, barnabóka og föndurs fyrir börnin.

# FRÁBÆRT VÖRUÚRVAL Í STÆRRI OG BETRI VERSLUN Í SMÁRALIND

**Penninn kynnir** Nýlega var verslun Pennans Eymundsson í Smáralind stækkuð. Verslunin býður í dag upp á mjög gott úrval innlendra og erlendra bóka, fjölbreyttar gjafavörur, ritföng og ferðatöskur og ferðafylgihluti. Nú geta viðskiptavinir gætt sér á gæðakaffi og meðlæti meðan þeir glugga í nýjustu tímaritin og bækurnar í notalegu umhverfi.

Eftir nýlega stækkun verslunar Pennans Eymundsson í Smáralindinni býðst nú viðskiptavinum enn meira vöruúrval en áður auk þess sem Te og kaffi hefur opnað kaffihús þar inni. Eins og fyrr er fjöldi íslenskra og erlendra bóka í boði, úrval ritfanga og gjafavöru og verslunin býður upp á eitt mesta úrval landsins af ferðatöskum og gott úrval ferðafylgihluta, að sögn Eyglóar Birgisdóttur verslunarstjóra.

„Stækkunin gerir okkur kleift að bjóða enn betra úrval í flestum vöruflokkum okkar, þ. á m. íslenskar og erlendar bækur, enn frekara úrval af ritföngum auk þess sem barnadeildin hefur stækkað talsvert. Þar má m.a. finna gott úrval barnaleikfanga, púsluspila og föndurs fyrir börn. Einnig mætti nefna skólatöskur, gjafaumbúðir og gjafakort og ferðafylgihluti.“

**ÚRVAL GJAFAVARA**

Nú er enn meira pláss fyrir gjafavörur og hefur úrvalið aukist enn frekar að sögn Eyglóar. „Við seljum t.d. hönnunarvörur frá Vitra auk fleiri vörumerkja í ýmsum verðflokkum þannig að hér ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi.“

> Stækkunin gerir okkur kleift að bjóða enn betra úrval í flestum vöruflokkum okkar.

Af öllum vöruflokkum Pennans Eymundsson eru þó bækur og ferðatöskur þeir vinsælustu en starfsfólk verslunarinnar hefur sérstaklega mikla þekkingu á þessum tveimur vöruflokkum.

**NOTALEGT KAFFIHÚS**

Ein stór breyting við stækkunina er sú að Te og kaffi hefur opnað kaffihús í versluninni. „Nú geta viðskiptavinir gætt sér á ljúffengu gæðakaffi og meðlæti og notið þess að eiga góða stund hjá okkur meðan þeir blaða í nýjustu tímaritum okkar og bókum.“



Eygló Birgisdóttir er verslunarstjóri Pennans Eymundsson í Smáralindinni.

Á næstunni verður nóg um að vera í verslun Pennans Eymundsson í Smáralindinni. „Seinni partinn í júlí byrjum við að leggja meiri áherslu á skólatöskur og verðum með frábært úrval af þeim auk annarra skólavara. Í ágúst verður settur upp stóri skiptibókamarkaðurinn hjá okkur þar sem við munum bjóða upp á mjög gott úrval af bæði nýjum og notuðum skólabókum.“

**REYNSLUMIKIÐ STARFSFÓLK**

Starfsfólk verslunarinnar hefur langa reynslu að sögn Eyglóar og nefnir hún sem dæmi að einn starfsmaður hefur starfað hjá Pennanum í 25 ár. „Sjálf hef ég starfað hér í tíu ár. Við leggjum okkur öll fram um að veita viðskiptavinum okkar góða þjónustu og aðstoða á allan hátt. Enda sjáum við sömu viðskiptavini koma hingað aftur og aftur.“

**Nánari upplýsingar um vöruúrval Pennans Eymundsson má finna á www.eymundsson.is og á Facebook undir Penninn Eymundsson.**














Kínverski tískuhönnuðurinn Guo Pei á heiðurinn af þessum prinsessukjól. Hann er þekktastur fyrir að hanna kjóla á söngkonuna Rihönnu.


Filippseyski hönnuðurinn Michael Cinco er höfundur þessa prinsessukjóls. Hann er þekktur fyrir að hanna kjóla á Sofiu Vergara, Britney Spears, Lady Gaga, Chris Brown, Fergie og Paris Hilton.

# PRINSESSUKJÓLAR Á HÁTÍSKUVIKU

Hátískuvika stendur nú yfir í París. Þar er sýnd tískan fyrir komandi haust og vetur. Hollywood-glamúr virðist allsráðandi hjá frægustu tískuhönnuðum í heimi. Prinsessukjólar í anda Disney-bíómynda.

Margt góðra gesta lætur fótboltann eiga sig og heimsækir Haute Couture-tískuvikuna í París. Til dæmis hefur söngkonan Celine Dion vakið mikla athygli á sýningum en hún heldur tónleika í París í kvöld og á laugardag áður en hún heldur til heimalandsins, Kanada. Frægar fyrirsætur eins og Kate Moss, Naomi Campbell og Bella Hadid hafa sömuleiðis verið myndaðar á sýningunum. Meðal tískumerkja sem sýna um þessar mundir eru stórfyrirtæki eins og Dior, Chanel, Valentino, Versace, Giambattista Valli og Schiaparelli auk margra annarra. Að því er tískusérfræðingar segja er glamúrinn og lúxusinn eftirsóttur.

Búast má við að árshátíðir næsta vetur verði glitrandi og glæsilegar ef konur fylgja nýjustu tísku. Á Haute Couture er listsköpun í hávegum höfð og aðeins klæðskerar og kjólameistarar í fremstu röð fá að sauma flíkurnar. Margir af sýningargripunum eru handsaumaðir. Þarna er draumaveröldin sýnd og tískuhúsin bjóða til sín eðalgestum sem vekja athygli fjölmiðla. Frægu gestirnir beina athyglinni að tískumerkjunum ekki síður en klæðnaðurinn sem sýndur er.


GIORGIO ARMANI
Chris Pine
Nýr ilmur
ARMANI
code
PROFUMO, the new intensity
TAX FREE Í HAGKAUP 7. - 11. JÚLÍ
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla












Föðuramma Rakelar keypti þennan kjól á Spáni fyrir 40 árum. Rakel klæddist honum á heimsfrumsýningu Þrasta í fyrra.

# SNIÐ FRAM YFIR MERKI

Leiklistarneminn **Rakel Björk Björnsdóttir,** sem lék eitt af burðarhlutverkunum í kvikmyndinni Þröstum, er mikil kjólakona. Hún á dágott kjólasafn en fellur heldur fyrir sniðinu en merkinu.

Leiklistarneminn og söngkonan Rakel Björk Björnsdóttir velur kjóla fram yfir buxur og boli. Hún segir kjól, litríka sokka og hatt einkennandi fyrir það hvernig hún klæðir sig og koma kjólarnir héðan og þaðan. „Þeir eru oft svolítið stelpulegir en í seinni tíð fell ég þó mest fyrir settlegum kjólum með fallegu sniði. Ég klæði mig oft eftir skapi og vel gjarnan liti og munstur þegar þannig liggur á mér.“

Rakel segir nokkra kjóla í uppáhaldi og þá sérstaklega 40 ára gamall kjóll hún fékk frá föðurömmu sinni, Hildigunni Hlíðar. „Hún keypti hann á Spáni á sínum tíma en engu að síður er yfir honum íslenskur þjóðbúningabragur. Mér fannst því viðeigandi að klæðast honum á rauða dreglinum á heimsfrumsýningu Þrasta á Tiff í Toronto í fyrra.“

Rakel á sömuleiðis nokkra hatta sem hún erfði eftir langömmu sína í móðurætt. „Þeir eru flestir yfir 70 ára gamlir en standast allir tímans tönn.“ Aðspurð segist Rakel ekki endilega eltast við merki. „Annar af uppáhaldskjólunum mínum er úr lágvöruverslun og kostaði innan við tvö þúsund krónur. Ég versla yfirleitt ódýrt og horfi frekar eftir sniði sem höfðar til mín en merki. Mér finnst það oftast ekki koma að sök og fæ til dæmis alltaf hrós fyrir tvö þúsund króna kjólinn. Ég held þetta snúist aðallega um að hafa augun opin.“

Rakel lauk diplómanámi í Complete Vocal Technique við Complete Vocal Institute í Kaupmannahöfn síðastliðið haust og mun hefja leiklistarnám við Listaháskóla Íslands í haust. Í sumar treður hún upp víðsvegar um borgina með tónlistarhópnum Andartaki sem hún skipar ásamt kærasta sínum Árna Beinteini, en hann hefur lokið fyrsta ári í leiklist við LHÍ. Hópurinn er hluti af Skapandi sumarstarfi hjá Reykjavíkurborg og mun syngja íslensk ættjarðarlög í bland við frumsamið efni ásamt því að bregða á leik. Um miðjan júlí er svo von á fyrsta frumsamda lagi Rakelar „What if“ og samnefndu tónlistarmyndbandi.



Þennan kjól keypti Rakel á innan við tvö þúsund krónur. Hatturinn er frá langömmu hennar í móðurætt.

vera@365.is


TRI
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
KENDA
SHIMANO
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
ParkTool
CUBE HYBRID
CUBE RACE
CUBE 29”
Vegna hagstæðari samninga og styrkingu krónunnar
höfum við lækkað verðin á CUBE reiðhjólunum!
WWW.TRI.IS
drink it... feel it...
Xenofit
www.xenofit.de
#cube_your_life!
CUBE
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00












Kvikmyndaferill Shelley var blómlegastur á áttunda og níunda áratugnum.



Shelley Duvall tekur við CableACE-verðlaununum árið 1991.



Shelley Duvall hefur afgerandi og hressilegan stíl.



Sérkennilegt útlit Shelley fangaði athygli útsendara leikstjórans Roberts Altman árið 1970. Stóru augun heilluðu einnig Woody Allen en Shelley fór með aukahlutverk í myndinni Annie Hall.

# AFMÆLISDAGUR SHELLEY DUVALL

Leikkonan sem túlkaði vesalings Wendy Torrance í myndinni The Shining sem kom út árið 1980 fagnar 67 ára afmæli í dag. **Shelley Duvall** hefur dregið sig út úr kastljósinu og sinnir búskap í Texas.

Leikkonan, handritshöfundurinn, söngkonan og grínistinn Shelley Alexis Duvall á afmæli í dag, 67 ára.

Shelley er Texaspía sem hafði aldrei komið út fyrir fylkismörkin þegar útsendarar leikstjórans Roberts Altman, sáu hana í veislu og féllu fyrir sérkennilegu útliti hennar og stórum augunum. Henni var boðið í prufur fyrir myndina Brewster McCloud. Hún sló til, flaug til Hollywood og lék eftir það í fleiri myndum Altmans, McCabe & Mrs. Miller, Thieves like us, Nashville og Buffalo Bill and the Indians.

Shelley kom einnig fram í Saturday night live og fékk verðlaunin „Best actress“ fyrir hlutverk sitt í mynd Altmans, 3 women. Þá lék hún aukahlutverk í Annie Hall 1977 undir leikstjórn Woody Allen. Við gerð myndarinnar kynntist Shelley tónlistarmanninum Paul Simon og bjó með honum í tvö ár. Sambandi þeirra lauk þegar Shelley kynnti hann fyrir vinkonu sinni, leikkonunni Carrie Fisher, sem Simon féll fyrir.

Shelley er þó líklega þekktust fyrir hlutverk sitt í spennutryllinum Shining þar sem hún lék á móti Jack Nicholson. Stanley Kubrick leikstýrði myndinni og segir sagan að hann hafi gengið hart að leikurunum til að ná fram trúverðugum sálrænum hryllingi og harðast að Shelley. Hann hafi rifist við hana stanslaust og einangrað hana frá öðrum leikurum meðan á tökum stóð. Það þurfti 127 tökur á atriði þar sem Shelley verst Nicholson með hafnaboltakylfu þar til Kubrick varð ánægður. Shelley á að hafa sýnt leikstjóranum lúkufylli af hári sem hún missti vegna streitu og álags við gerð myndarinnar.



Shelley í einu af sínum þekktustu hlutverkum, sem Wendy Torrance í The Shining. Leikstjórinn Stanley Kubrick gekk hart að Shelley til að ná fram trúverðugum hryllingi í leik hennar. NORDICPHOTOS/GETTY

Árið 1988 stofnaði Shelley fyrirtækið Think Entertainment og framleiddi sjónvarpsþætti og -myndir. Hún lék í nokkrum kvikmyndum á tíunda áratugnum en eftir aldamótin fækkaði hlutverkunum verulega.

Shelley flutti loks úr glamúrnum í Los Angeles og aftur til Texas þar sem hún skrifar ljóð í frístundum og sinnir búskap.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar |** Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson |** Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 **|** Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429



Ljósbláar neglur sjást víða á höndum landskvenna í sumar. MYND/HANNA

# NAGLASKREYTIGLEÐI Í SUMARSÓLINNI

**Gyða Agnarsdóttir** naglafræðingur segir allt leyfilegt í naglatískunni í sumar en bendir á að ekki henti allir litir öllum höndum.

Undanfarið hefur borið mjög á sérstaklega fallegum túrkísbláum lit á nöglum landskvenna og ýmsu öðru skemmtilegu naglaskrauti. Margir hafa velt fyrir sér hvort það sé sumarsólin sem kallar fram þessa naglaskreytigleði.

Gyða Agnarsdóttir, naglafræðingur á Deluxe snyrtistofunni í Glæsibæ, hefur aðstoðað Íslendinga við naglaskreytingar um árabil. „Það eru alltaf einhverjir tískulitir í nöglum. Núna er mjög mikið um natúral, matta og hlutlausa liti og sumar vilja setja kannski glimmer eða eitthvert skraut á eina nögl. Í fyrra voru þetta helst appelsínugulir og ferskjulitir og svo skærir neonbleikir. Núna eru þetta meira svona hlutlausir litir og svo líka allt í gangi, til dæmis túrkís og bláir.“

Gyða segir að fólk komi frekar í naglasnyrtingu á vorin en á öðrum árstímum. „Konur fá sér gjarna gel-lakk á hendur og fætur á vorin og áður en þær fara í sumarfrí til útlanda. Margar fá sér lakk á hendur og fætur í sama lit eða hlutlausan lit á hendurnar og skærari á tærnar. Það er eins og það sé almennt samþykktara að fá sér meira áberandi lit á tærnar, þær eru oftar í felum en hendurnar sjást alltaf.“ Hún segir algengt að neglur séu endurnýjaðar svona einu sinni í mánuði. „Þá hafa þær vaxið fram, ekkert ónýtar en kannski orðnar pínu sjúskaðar eða viðskiptavinurinn vill fá nýjan lit eða eitthvað svoleiðis.“

Hún segir að í umræðu um tískuliti á neglur vilji gleymast að ekki henti öllum hið sama. „Litir fara fólki auðvitað misмunandi vel og ég ráðlegg þeim sem eru með æðaberar hendur til dæmis ekki að fá sér blátóna naglalakk, heldur frekar hlýrri liti.“ Hún bætir þó við að það sé nánast alltaf hægt að finna tón af tískulit sem passar við húðlit viðkomandi.

En hvernig er með þær sem naga neglurnar? Geta þær líka verið með fallegt naglalakk? Gyða segir nagdísir velja gjarna að láta setja á sig akrýlneglur. „Ef þær vilja fá fínar neglur einn tveir og bingó er akrýllinn besta lausnin, hann lengir aðeins en ekki mikið og formar mjög fallega.“

En hvað skyldi Gyða sjálf velja að hafa á nöglunum í sumar? „Ég er alltaf að prófa eitthvað nýtt. Ég er reyndar ekki þessi bleika týpa svo ég er meira í grátónuðum litum. Ég leik mér líka stundum, set kannski mismunandi liti á hverja nögl og ef ég er með langar neglur þá finnst mér gaman að setja kannski glimmer eða skraut á eina og eina.“



Gyða Agnarsdóttir segir allt leyfilegt í naglatískunni, markmiðið sé að gera neglur skemmtilegri.




Naglalökk eru í öllum litum í sumar.



Naglaspá sumarsins hljóðar upp á hlutlausan grunnlit og glimmer á stöku stað.







## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.



**TIL SÖLU VOLVO**
Volvo 160 ekin 9500 tíma vel búin vél rototilt,2 skóflur og smurkerfi. S. 8925855

## Vinnuvélar



**TIL SÖLU CAT 444E**
CAT 444e árg 07 ekin 4100 tíma glussa hraðtengi að framan og aftan power slide að aftan. S. 892 5855



**TIL SÖLU MAN**
Man 35-403 8x6 árg 98 eki 275 þús með 6 metra sturtupalli og 36 tonnmetra fassa krana árg 05 6 í glussa. S. 8925855

## Bátar




## Ford Mustang árg 1965



Ekinn -, bensín,
3 gírar.
**Verð 2.990.000.**
Rnr.151301.

Ný er lag að eignast frábæran fornbíl.

**BÍLAHÖLLIN**
S: 567-4949

Bíldshöfða 5
www.bilahollin.is

## Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Velverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

**GARÐAUMSJÓN**
Sláttur fyrir húsfélög og einstaklinga. Almenn garðvinna. Halldór garðyrkjumaður. S: 6981215

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Þakmálun, útimálun, múrviðgerðir. Innimálun, spörtlun, viðhaldsþjónusta. Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. S.891 9890 malarar@simnet.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**TRÖPPUVIÐGERÐIR**
Múrviðgerðir, málun og tröppuviðgerðir (hitastrengur). Hinrik, s. 892 9499.

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

Símaspá, spái í spil, ræð drauma. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is




# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407



## Dáleiðsla

Hætta að reykja, betri svefn, léttast/þyngjast, og láta sér líða betur á margan annan máta.

Ingibjörg Bernhöft hjúkrunarfr. og dáleiðslufræðingur
s. 864 2627 • bernhoft@gmail.com

EYJALIND
**Gúmmíbelti**
- Fyrir smágröfur



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Sími 550 9800 www.tjaldaleiga.is
Tjaldaleiga skáta
Við leigjum samkomutjöld af ýmsum stærðum og gerðum sem henta við hin fjölbreyttustu tækifæri.

## VARAHLUTIR

**Iveco • Benz • Man • Renault**
*Varahlutaþjónusta*
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

## Iveco

**Viðgerðar- og varahlutaþjónusta**
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR




## BLIKK

Rör • Tengiefni • Viftur • Loftræsting
**Heildsala • Smásala**
íshúsið ehf
Smiðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000




## Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

# NOTAÐIR BÍLAR TIL SÖLU

Skoðaðu úrvalið á notadir.brimborg.is

## Gerðu góð kaup á notuðum bíl
## Mikið úrval gott verð



~~Verð: 4.290.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 3.290.000 kr.**
**Ford Mondeo Titanium** YOX82
Skráður apríl 2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 121.000 km.



~~Verð: 6.790.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 6.390.000 kr.**
**Volvo XC90 Momentum** BOM59
Skráður desember 2012, 2,4D5i dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 107.000 km.



~~Verð: 3.250.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 2.890.000 kr.**
**Citroën Berlingo Multispace** DHE30
Skráður júní 2014, 1,6 HDi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 45.000 km.



~~Verð: 8.490.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 6.990.000 kr.**
**Toyota Land Cruiser 200 VX** ERU84
Skráður september 2010, 5,7i bensín/metan, sjálfskiptur.
Ekinn: 131.000 km.



~~Verð: 1.090.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 890.000 kr.**
**Ford Fusion Trend** PI155
Skráður janúar 2007, 1,4TDCi dísil, beinskiptur.
Ekinn: 130.000 km.



~~Verð: 2.690.000 kr~~
**Tilboðsverð: 2.490.000 kr.**
**Renault Clio Expresion** AKA08
Skráður júní 2015, 1,5TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 30.000 km.



**Verð: 1.150.000 kr.**
**Ford Ka Trend+** AUT93
Skráður apríl 2014, 1,2i bensín, beinskiptur.
Ekinn: 58.000 km.



**Verð: 1.990.000 kr.**
**Citroën C4 Comfort** BYF04
Skráður febrúar 2014, 1,6TDCi dísil, beinskiptur.
Ekinn 84.000 km.



**Verð: 5.990.000 kr.**
**Volvo XC60 Summum** HBG65
Skráður maí 2014, 2,4D4 dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 90.000 km.



~~Verð: 3.990.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 3.690.000 kr.**
**Nissan Qashqai SE** VTV81
Skráður maí 2013, 2,0 TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn: 77.000 km.



~~Verð: 3.790.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 3.390.000 kr.**
**Ford Kuga Titanium AWD** GGJ84
Skráður júní 2014, 2,0TDCi dísil, beinskiptur.
Ekinn 108.000 km.



~~Verð: 3.190.000 kr.~~
**Tilboðsverð: 2.890.000 kr.**
**Citroën C4 Picasso Seduction** MAZ91
Skráður febrúar 2015, 1,6HDi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn: 49.000 km. Í ábyrgð.

- Brimborg tekur allar tegundir bíla uppí
- Hagstætt uppítökuverð
- Allt að 90% fjármögnun í boði, ræddu við ráðgjafa

*FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK*
*Notaðir bílar - Brimborg*
*Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

## Merkisatburðir

**1211** Suðurlandsskjálfti, margir bæir hrynja og 18 manns farast.
**1307** Játvarður 2. verður konungur Englands.
**1456** Dómstóll skipaður af Kalixtusi III. páfa fellir dóminn yfir Jóhönnu af Örk úr gildi og lýsir hana saklausa.
**1637** Hornsteinn er lagður að Sívalaturni í Kaupmannahöfn.
**1874** Á Akureyri er vígður Gudmannsspítali, sem er til húsa í Aðalstræti 14, en það er elsta tvílyfta íbúðarhús á Íslandi, reist 1836.
**1915** Konur fagna nýfengnum kosningarétti sínum með hátíðarfundi á Austurvelli. Sama dag stofna þær Landspítalasjóð Íslands.
**1922** Lúðrasveit Reykjavíkur er stofnuð upp úr lúðrafélögunum Hörpu og Gígju og er hún elsta starfandi lúðrasveit á Íslandi.
**1941** Bandaríkjaher kemur til landsins og tekur við vörnum þess af Bretum. Síðustu hermennirnir fara héðan í apríl 1947.
**1966** U Thant, aðalritari Sameinuðu þjóðanna kemur í tveggja daga heimsókn til Íslands.
**1974** Kútter Sigurfari er settur á byggðasafnið í Görðum á Akranesi.
**1974** Vestur-Þýskaland vinnur heimsmeistarakeppnina í knattspyrnu þegar lið landsins sigrar Hollendinga 2-1.
**1978** Salómonseyjar fá sjálfstæði frá Bretlandi.
**1983** Ray Charles skemmtir á Broadway ásamt 25 manna hljómsveit.
**2005** Fjórar sjálfsmorðssprengjuárásir verða 56 manns að bana í London.
**2007** Heimsmet er slegið í vatnsbyssuslag á Landsmóti UMFÍ í Kópavogi. Fyrir þessu standa SPK og Útvarpsstöðin FM957.





Kristín R. Vilhjálmsdóttir, verkefnisstjóri fjölmenningar á Borgarbókasafninu. Hún segir göngurnar hafa fest sig í sessi. FRÉTTABLAÐIÐ/ EYÞÓR

# Opna dyrnar að íslensku samfélagi í kvöldgöngu

**Fjölmenningargangan verður gengin í níunda skiptið í kvöld. Alls verður boðið upp á sex tungumálaleiðir í ár. Gengið verður milli safna og helstu kennileiti miðborgar kynnt.**

Við viljum virkja fólk til að miðla efni frá okkur, um menningarlífið í miðborginni á mismunandi tungumálum,“ segir Kristín R. Vilhjálmsdóttir, verkefnisstjóri fjölmenningar, sem í kvöld stendur fyrir Reykjavík-safarí kvöldgöngu. Er þetta í níunda skiptið sem gengið er. Gengið er frá Borgarbókasafninu í Grófinni klukkan 20.00 og er þátttaka alls kostar ókeypis.

„Þetta er fjölmenningarkvöldganga þar sem menningarlífið í miðborginni er kynnt á mismunandi tungumálum. Markhópurinn okkar er fólk af erlendum uppruna sem býr á Íslandi, þó svo að vitaskuld séu allir velkomnir,“ útskýrir Kristín. Boðið er upp á leiðsögn á ensku, pólsku, spænsku, portúgölsku, víetnömsku og persnesku að þessu sinni.

„Allir hittast á bókasafninu og svo fara hóparnir hver sína leið. Þó koma allir til með að fara sama hringinn og á sömu söfnin. Þar munu starfsmenn segja frá sínu, aðeins á íslensku og svo túlkað yfir á hin tungumálin,“ útskýrir Kristín. Milli þess sem göngugarparnir stoppa á söfnum munu þeir staldra við hjá hinum ýmsu kennileitum í miðborginni, svo sem við Alþingishúsið, Stjórnarráðið og við einstaka styttur þar sem leiðsögumenn gera stöðunum skil. „Þetta verða svona örkynningar til að leyfa fólki að bragða á því sem er í boði. Það er svo margt ókeypis sem fólk getur nýtt sér og getur reynst afbragðs leið til að komast inn í samfélagið.“

Kristín segist afar ánægð með hvernig bókasöfnin standi sig í að bjóða upp á viðburði með það fyrir augum að hjálpa innflytjendum að aðlagast íslensku samfélagi. „Það er nefnilega mikið meira í boði heldur en bara að koma og fá bækur eða kíkja í tölvuna,“ segir hún glöð í bragði og bætir við að það sé þýðingarmikið fyrir bæði þá sem hingað flytjast og innfædda að hitta fólk úr ólíkum áttum. „Til að miðla okkar eigin menningu en ekki síður til að kynnast ýmiss konar heimsborgurum. Við viljum leggja mikla áherslu á að vinna fjölmenningarstarfið vel. Okkur langar að opna dyrnar fyrir fólki að íslensku samfélagi og þetta er góð leið til þess.“

Að lokinni göngunni munu hóparnir svo hittast aftur á Bókasafninu þar sem boðið verður upp á hressingu og lifandi tónlist, en Ballake Cissoko, einn besti trommuleikari Gíneu, ætlar að leika fyrir gesti. **gudrun@frettabladid.is**



†

Elskulegur faðir okkar og tengdafaðir,
**Snorri Jónsson**
fyrrverandi kennari og ritstjóri,
lést á Hrafnistu í Hafnarfirði að kvöldi fimmtudagsins 30. júní. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 12. júlí, kl. 15.00.

**Halla Snorradóttir** — **Theódór Hallsson**
**Snorri Rafn Snorrason** — **Stefanía Sigurðardóttir**
**Nanna Snorradóttir**
**Jón Özur Snorrason** — **Alda Sigurðardóttir**
**Gísli Jens Snorrason** — **Jóhanna Ólafsdóttir**
**Svanur Már Snorrason** — **Ásdís Erla Valdórsdóttir**
**og fjölskyldur.**



†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, dóttir og amma,
**Kristín Þorbjörg Ólafsdóttir**
Ferjunesi,
lést á Fossheimum sunnudaginn 3. júlí.

Útförin fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 9. júlí kl. 14.00.

Jarðsett verður í Villingaholtskirkjugarði.

Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á styrktarreikning Ljósheima og Fossheima, reiknr. 0152 26 60860, kt. 690216-0860.

**Ingjaldur Ásmundsson**
**Margrét Ósk Ingjaldsdóttir** — **Guðjón Birgir Þórisson**
**Ólafur Ingjaldsson**
**Oddný Ása Ingjaldsdóttir** — **Jakob Nielsen**
**Ásmundur Ingjaldsson**
**Ólafur Halldór Torfason**
**og barnabörn.**



†

Ástkær móðir okkar, amma og langamma,
**María Kristinsson**
frá Sandvík á Melrakkasléttu,
verður jarðsungin frá Snartarstaðakirkju, laugardaginn 9. júlí kl. 14.00.

**María Kristjánsdóttir**
**Hans Alfreð Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
**Sveinn Magni Daníelsson**
Lundarbrekku 16,
lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ 3. júlí. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 11. júlí kl. 13.

**Fanney Dóra Kristmannsdóttir**
**Ingibjörg Sveinsdóttir**
**Vignir Sveinsson** — **Anna Hauksdóttir**
**Rósa Sveinsdóttir** — **Ágúst Heimir Ólafsson**
**Birgir Þór Sigurbjörnsson** — **Kristín Haraldsdóttir**
**Ingþór Sveinsson** — **Ásta Þórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Bróðir okkar,
**Vigfús F. Jónsson**
fyrrverandi fangavörður,
Boðaþingi 8,
Kópavogi,
lést á gjörgæsludeild Landspítalans 29. júní.

Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 8. júlí kl. 13.00.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

**Herdís, Jónía, Þorbjörn og Erla Jónsbörn**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og bróðir,
**Karl Friðjón Arnarson**
húsasmíðameistari,
Vesturbergi 41,
lést af slysförum 27. júní sl. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 12. júlí klukkan 13.00.

**Snjólaug Guðrún Kjartansdóttir**
**Örn Þór Karlsson**
**Atli Björn Karlsson**
**Úlfar Snær Arnarson**



†

Ástkær frændi okkar,
**Sigurður Reimarsson**
(Siggi Reim)
lést á Dvalarheimili aldraðra Hraunbúðum, Vestmannaeyjum, þann 27. júní sl.

Útförin fer fram frá Landakirkju laugardaginn 9. júlí kl. 14.

**Anna Ingibjörg Lúðvíksdóttir**
**Sigurður Ingi Lúðvíksson**
**Bjarni Reynir Bergsson**
**Sigurpáll Bergsson**
**Bergur Bergsson**
**og fjölskyldur.**

NÝTT **Í KVÖLD** KL. 19:55




BARA ÞAÐ BESTA

# ÉG OG 70 MÍNÚTUR

Á fimmtudag hefur göngu sína nýr og frábær skemmtiþáttur á Stöð 2, **Ég og 70 mínútur**, þar sem Auðunn Blöndal rifjar upp helstu og skemmtilegustu atriðin úr þessum vinsælu þáttum.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Norðaustlæg átt eða hafgola í dag og víða sólskin, en fer að rigna við norðausturströndina um kvöldið. Svalt úti við norður- og austurströndina, en annars ágætis sumarhiti.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 13° | 8° | 5° |
| ↙ 8 | ↙ 4 | ↘ 7 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 9° | 13° | 4° |
| → 6 | → 2 | ↓ 8 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 5° | 10° |
| ↘ 7 | ↓ 5 | ← 6 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 9° | 12° | 4° |
| ← 5 | ← 8 | ↑ 3 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. fjarri
6. drykkur
8. utanhúss
9. bókstafur
11. tveir eins
12. skopleikrit
14. græða
16. samtök
17. skurðbrún
18. fát
20. stöðug hreyfing
21. stefna

**LÓÐRÉTT**
1. viðlag
3. reyndar
4. skyldmenni
5. bók
7. ótvíræður
10. útsæði
13. atvikast
15. flatormur
16. ái
19. tala



**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** fjær, **6.** te, **8.** úti, **9.** eff, **11.** tt, **12.** farsi, 14. lækna, **16.** aa, **17.** egg, **18.** fum, **20.** ið, **21.** ismi. **LÓÐRÉTT: 1.** stef, **3.** jú, **4.** ættingi, **5.** rit, **7.** efalaus, **10.** fræ, **13.** ske, **15.** agða, **16.** afi, **19.** mm.

### Skák Gunnar Björnsson

Bogoljubov átti leik gegn Sultan Khan í Prag 1931



**Hvítur á leik**

**1. Hd5+!! Rxd5** (1...Ka6 2. Bc8+ og vinnur) **2. Be2+ Ka5 3. Ha7+ Ha6 4. Hxa6#.** Sólarmót Skákakademíunnar hefst kl. 12 á útitaflinu við Lækjartorg í dag.

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttirnar.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 3 | | | | | 1 |
| | | 3 | 6 | 1 | | 2 | 9 | |
| 7 | | | 8 | | | | | |
| 4 | | 7 | | | | 6 | | |
| 3 | | | | 4 | | | 1 | |
| | 1 | | 2 | 3 | | 4 | | 5 |
| 5 | 7 | | | | | | 2 | 8 |
| | 8 | 2 | 1 | 7 | | 5 | | |
| | | 4 | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | 8 | 4 | | | | |
| 3 | | | | 5 | | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | 5 |
| | | 9 | 2 | | | 6 | 1 | |
| | | 3 | | | | | 2 | 7 |
| | 1 | | | 7 | 9 | 4 | | |
| | | 7 | 1 | | | 3 | 8 | |
| | | | 3 | 9 | | | 6 | |
| | | | | | 8 | 1 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | 6 | 7 | | |
| 1 | 2 | 9 | | 7 | | | 8 | |
| | | | | | | | | 9 |
| | 3 | | | | | | 4 | |
| | | 6 | | | | 9 | 5 | |
| 8 | | 7 | | 1 | | 3 | | |
| | | 4 | | 2 | 9 | | 6 | |
| 9 | | 1 | 5 | | | | | 4 |
| | | | | | | | | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 9 | 4 | 3 | 1 | 5 | 8 | 2 |
| 3 | 8 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 | 4 | 7 |
| 1 | 4 | 2 | 5 | 7 | 8 | 6 | 9 | 3 |
| 4 | 1 | 6 | 2 | 5 | 7 | 8 | 3 | 9 |
| 8 | 5 | 7 | 1 | 9 | 3 | 2 | 6 | 4 |
| 9 | 2 | 3 | 6 | 8 | 4 | 7 | 5 | 1 |
| 2 | 3 | 8 | 7 | 4 | 5 | 9 | 1 | 6 |
| 5 | 7 | 1 | 3 | 6 | 9 | 4 | 2 | 8 |
| 6 | 9 | 4 | 8 | 1 | 2 | 3 | 7 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | 3 | 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 5 |
| 8 | 9 | 5 | 7 | 2 | 6 | 4 | 1 | 3 |
| 4 | 1 | 2 | 9 | 3 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| 3 | 4 | 9 | 6 | 7 | 2 | 5 | 8 | 1 |
| 1 | 5 | 7 | 3 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 9 | 1 | 3 | 4 | 7 |
| 5 | 2 | 8 | 1 | 6 | 3 | 7 | 9 | 4 |
| 6 | 7 | 1 | 4 | 5 | 9 | 8 | 3 | 2 |
| 9 | 3 | 4 | 2 | 8 | 7 | 1 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 2 | 4 | 9 | 3 | 5 | 1 | 6 | 7 |
| 3 | 9 | 7 | 2 | 6 | 1 | 8 | 4 | 5 |
| 1 | 5 | 6 | 7 | 8 | 4 | 3 | 2 | 9 |
| 6 | 1 | 5 | 8 | 9 | 7 | 4 | 3 | 2 |
| 7 | 3 | 8 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 | 6 |
| 2 | 4 | 9 | 6 | 5 | 3 | 7 | 8 | 1 |
| 9 | 7 | 3 | 5 | 2 | 8 | 6 | 1 | 4 |
| 4 | 6 | 2 | 3 | 1 | 9 | 5 | 7 | 8 |
| 5 | 8 | 1 | 4 | 7 | 6 | 2 | 9 | 3 |




## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Hærri ávöxtun fyrir fjárfesta

Ef þú vilt ávaxta fjármuni þína skráir þú þig einfaldlega á *aktiva.is*, velur þá upphæð sem þú vilt lána, lengd lánveitingar og áhættuflokk, og byrjar að ávaxta. Mánaðarlega færðu greiðslur inn á reikninginn þinn vegna afborgana og ávöxtunar.

Aktíva er jafningjalán (e. peer-to-peer lending). Engin yfirbygging, aðeins einfalt kerfi þar sem allir græða. Hærri vextir fyrir þá sem vilja ávaxta, sanngjarnari vextir fyrir þá sem þurfa lán.
Kynntu þér betri ávöxtun á www.aktiva.is

Aktiva

Hugsaðu út fyrir bankann

markhönnun ehf

# netto

# ALLT fyrir og FE



-40%

LAMBALUNDIR
ÁÐUR: ~~7.598 KR/KG~~
**4.559 KR KG**



-20%

LAMBALÆRI, SAGAÐ
ÁÐUR: ~~1.598 KR/KG~~
**1.278 KR KG**

Flott á grillið!



-40%

LAMBASTEIK
Í BLÁBERJAMARINERINGU
ÁÐUR: ~~3.998 KR/KG~~
**2.399 KR KG**



-15%

NAUTALUND
NÝSJÁLENSK
ÁÐUR: ~~3.998 KR/KG~~
**3.398 KR KG**



CADB. OREO
SÚKKULAÐI - 3PK
**279 KR**



X-TRA SNAKK
3 TEGUNDIR
ÁÐUR: ~~369 KR/PK~~
**319 KR**



-32%

NICE'N EASY PIZZA
3 TEG
ÁÐUR: ~~439 KR/STK~~
**299 KR**



-50%

MANGÓ
ÁÐUR: ~~498 KR/KG~~
**249 KR KG**



CADBURY BRUNCH
CHOCCHIP/PEANUT/RAISIN
ÁÐUR: ~~299 KR/PK~~
**269 KR**



ARLA PIZZA TOPPUR
200 G
ÁÐUR: ~~269 KR/PK~~
**239 KR**

**Tilboðin gilda 7. – 10. júlí 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# GRILLIÐ
# RÐALAGIÐ



-40%

KALKÚNASTRIMLAR INDVERSKIR
ÁÐUR: 2.998 KR/KG
**1.799 KR KG**



NETTÓ KJÚKLINGABRINGUR
ÁÐUR: 2.098 KR/KG
**1.783 KR KG**



-27%

INDVERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
ÁÐUR: 949 KR/KG
**693 KR KG**



-20%

OKKAR RAUÐSPRETTUFLÖK M/ROÐI
ÁÐUR: 1.098 KR/KG
**878 KR KG**



-50%

GRÍSABÓGUR SUMARSTEIK
ÁÐUR: 2.498 KR/KG
**1.249 KR KG**




SNICKERS
4 Í PAKKA
ÁÐUR: 349 KR/PK
**299 KR**




-25%

KINDER BUENO
3 Í PAKKA
ÁÐUR: 399 KR/STK
**299 KR**




2 fyrir 1

SHARWOODS SÓSUR
**2 FYRIR 1**
TIKKA MASALA - 420 G
KORMA COOKING - 420 G
ROGAN JOSH - 420 G
**409 KR**




-33%

6 fyrir 4

PEPSI 6PK - 2 L
6 FLÖSKUR Á VERÐI 4
ÁÐUR: 1.196 KR/PK
**796 KR**




OKKAR KAFFI
400 G
ÁÐUR: 619 KR/PK
**549 KR**




SMÁKÖKUR M/SMARTIES
ÁÐUR: 209 KR/PK
**199 KR**

# Kynnir eldfjallaeyjuna í bókum og blöðum

**Hin pólska Janina Ryszarda Szymkiewicz hafði siglt um heimshöfin í áratugi þegar hana bar til Íslands. Hún er sest að hér, skrifar um Ísland í pólsk ferðatímarit og gefur út erlendar bækur um landið.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



„Þegar ég var ung orti ég ljóð sem voru gefin út í Póllandi. En svo tók alvara lífsins við,“ segir Janina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þegar ég var ung orti ég ljóð sem voru gefin út í Póllandi. En svo tók alvara lífsins við, ég fór í nám og siglingar, eignaðist börn og skrifaði ekkert í áratugi,“ segir Janina Ryszarda spurð út í rithöfundarferil sinn. Hún hefur nýlega gefið út bækur um Reykjavík bæði á pólsku og ensku, Reykjavík dla ciebie og Reykjavik4you. Þar eru viðtöl við 18 Íslendinga sem lýsa borginni út frá sínum augum og Guðjón Friðriksson sagnfræðingur skrifar formála.

Janina hefur búið hér Fróni í nokkur ár, lærir íslensku í Háskóla Íslands og miðar vel. Viðtölin í nýju bókina tók hún á íslensku og þýddi þau yfir á pólsku en fékk Melanie J. Adams, kanadískan bókmenntafræðing sem hér hefur búið lengi, til að þýða þau á ensku.

Áður hefur Janina gefið út Islandia jak z bajki eða Ísland – ævintýrasaga sem fjallar um ferð hennar um Ísland og hrifningu á landinu. Að auki skrifar hún greinar um Ísland í tvö ferðatímarit í Póllandi, Zew Pólnocy og Skandynawia, svo hún leggur sig fram við að kynna eldfjallaeyjuna fyrir löndum sínum.

Janina er elst í sex systkina hópi sem ólst upp í suðausturhluta Póllands. Faðir hennar var verkfræðingur, vann í Líbíu í yfir áratug og var þá aðeins heima í jóla- og sumarfríum. Móðir hennar vann sem ljósmóðir á sjúkrahúsi í 35 ár. „Foreldrar mínir voru stórbrotnir persónuleikar, hvort með sínum hætti, en þau voru miklir vinir og virtu hvort annað,“ lýsir hún.

Hugur Janinu stefndi til sjós og eftir tólf ára grunnskólanám tók við þriggja ára sjófreyjuskóli. Hún var þó ekki lengi á pólskum farþegaskipum heldur dreif sig í frekara nám í virtum sjómannaskóla, Maritime University. „Lífið væri ekki fullkomið nema hægt væri að fara í skóla,“ segir hún brosandi og kveðst hafa útskrifast með meistaragráðu í siglingum eftir sex ára nám. „Svo vann ég í áratugi á fragtskipum og olíuskipum. Prófaði líka að vera á olíuborpalli.“

Fyrst kom Janina til Íslands sem ferðamaður og fór víða um landið, heilluð af fegurðinni. Úr varð að hún settist hér að og eiginmaður hennar sem er pólsk/sænskur. Synir tveir búa og vinna í Svíþjóð vegna þess að sjálf bjó hún þar í átta ár.

**SVO VANN ÉG Í ÁRATUGI Á FRAGTSKIPUM OG OLÍUSKIPUM. PRÓFAÐI LÍKA AÐ VERA Á OLÍUBORPALLI.**

Hún kveðst hlusta á íslenska tónlist og hafa dálæti á mikilfenglegum lögum eins og Kórónu landsins, Ljósvíkingi, Manni og hval og Vori í Vaglaskógi. Nokkrar íslenskar kvikmyndir eru líka í uppáhaldi: Djöflaeyjan, Djúpið, Bakka-Baldur, Brim, Englar alheimsins, Börn náttúrunnar og Hross í oss.

„Svo finnst mér gaman að horfa á diskinn Heima sem fjallar um hljómsveitarferðalag Sigur Rósar um Ísland 2006,“ segir hún. „En þakklátust er ég fyrir að til skuli vera staðir á Íslandi ólíkir því sem hægt er að finna annars staðar í heiminum.“



# FERÐUMST Í HUGANUM




**Hin myrku djúp**
VILDARVERÐ: 3599.-
Verð áður: 3899.-




**Íslenskar fléttur**
VILDARVERÐ: 5699.-
Verð áður: 6299.-




**Villibráð**
Verð áður: 3899.-




**Iréne**
Verð áður: 3899.-




**Íslensk ofurfæða**
VILDARVERÐ: 3999.-
Verð áður: 4499.-




**Hugrekki-**
**Saga af kvíða**
VILDARVERÐ: 3599.-
Verð áður: 3999.-




**Tröllin í fjöllunum**
VILDARVERÐ: 2699.-
Verð áður: 2999.-




**Ótrúleg saga Indverja**
**sem hjólaði til Svíþjóðar**
**á vit ástarinnar**
Verð áður: 3899.-




**Ef þú vilt**
Verð áður: 3899.-




**Dalalíf I**
**Æskuleikir og ástir**
Verð áður: 3899.-




**Þúsund og ein þjóðleið**
VILDARVERÐ: 5999.-
Verð áður: 6999.-




**Ástarsögur-**
**íslenskra kvenna**
VILDARVERÐ: 3199.-
Verð áður: 3899.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð gildia 8. júlí til og með 11. júlí. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Myndin segir frá tvíburabræðrum sem búa í útjaðri smábæjar ásamt móður sinni sem er nýkomin úr dullarfullri aðgerð á andliti.

# Þegar best er að vita sem allra minnst

**Goodnigth Mommy er vel leikin hrollvekja sem uppfyllir allar kröfur um að láta áhorfanda líða afar illa. Severin Fiala og Veronika Franz leikstýra hrollvekjunni.**

KVIKMYNDIR

**Goodnight Mommy**

★★★☆☆

**Leikstjórar:** Severin Fiala og Veronika Franz
**Framleiðandi:** Ulrich Seidl
**Aðalleikarar:** Elias Schwarz, Lukas Schwarz og Susanne Wuest.

Goodnight Mommy kemur úr framleiðslu hins umdeilda austurríska leikstjóra Ulrich Seidl sem er líklega þekktastur fyrir Paradísartrílógíuna sína en hér hefur hann hjálpað leikstjórateymi að gera sína fyrstu mynd, þeim Severin Fiala og Veroniku Franz.

Myndin segir frá tvíburastrákum sem búa í stóru húsi við útjaðar smábæjar í Austurríki einir með móður sinni. Móðir þeirra er nýkomin úr aðgerð á andliti og þarf að taka því rólega meðan sárin gróa. En ekki er allt með felldu og móðirin og strákarnir virðast ekki sjá raunveruleikann á sama hátt.

Ef þessi lýsing á söguþræði virðist óljós þá er það vegna þess að Goodnight Mommy er ein af þessum myndum sem best er að vita sem minnst um áður en maður sér hana. Þetta er líka ein af þessum myndum þar sem mestallan tímann er mjög óljóst hvað nákvæmlega er á seyði. Þetta er mynd sem ruglar mann vísvitandi í ríminu, í anda leikstjóra eins og David Lynch.



Hér er tekist á við þemu eins og fjölskyldumynstur, hlutverk og skyldur foreldra við börn og hvernig tekist er á við sorg. Öllu er þessu pakkað í dularfulla og ógnarlega hrollvekju hvers tilgangur er að láta manni líða einstaklega illa. Myndin fer hægt af stað og heldur sig í þeim takti mestallan tímann. Þetta er ekki mynd fyrir viðkvæma eða óþolinmóða.

Með Goodnight Mommy tekst leikstjórunum Fiala og Franz vel að láta manni líða óþægilega. Myndin er líka einkar vel tekin og klippt og mjög stílhrein. Myndmálið og hljóðmyndin spila vel saman og greinilegt að þessir ungu leikstjórar hafa gott vald á miðlinum.

En samt tekst þeim ekki að gera myndina alveg nógu heilsteypta. Þegar allt er komið í ljós er enn þá ekki alveg ljóst hvað nákvæmlega myndin ætlaði sér, annað en að láta manni líða óþægilega. Í henni er lopinn teygður og full mikið verið að velta sér upp úr ógeði í seinni hlutanum og auk þess er ákveðin flétta í söguunni sem er í raun nokkuð augljós snemma þó hvað felist nákvæmlega í henni sé ekki víst fyrr en alveg í lokin. En það hefði verið hægt að skapa mun meiri óvissu og þannig gera myndina enn þá óþægilegri og áhrifameiri.

En Goodnight Mommy er þrátt fyrir þetta fínasta byrjendaverk og það verður spennandi að sjá hvað meira kemur frá þessum leikstjórum í framtíðinni. En þeir þurfa að vinna aðeins í frásagnartækninni þó þeir séu með sjónrænu hliðina alveg á hreinu. Unnendur hrollvekja af þessu tagi ættu samt ekki að láta þessa mynd fram hjá sér fara.

**Atli Sigurjónsson.**

**NIÐURSTAÐA:** Flott byrjendaverk, stílhrein mynd og vel gerð og nær ágætlega ætlunarverki sína sem er að láta manni líða óþægilega. En hún er líka svolítið langdregin og óljóst hvað verið er að reyna að segja með myndinni.

## Frumsýningar



### ICE AGE: COLLISION COURSE

Teiknimynd
Aðalhlutverk: Nick Offerman, Adam Devine og Simon Pegg
Frumsýnd 13. júlí.
IMDb 6,3/10



### NOW YOU SEE ME 2

Gaman- og spennumynd
Aðalhlutverk: Jesse Eisenberg, Mark Ruffalo, Woody Harrelson og Lizzy Caplan.
Frumsýnd 14. júlí.
IMDb 7,0/10



### THE INFILTRATOR

Sannsöguleg spennumynd
Aðalhlutverk: Bryan Cranston, John Leguizamo og Diane Kruger.
Frumsýnd 13. júlí.




Tölvutek • Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 • Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900 • www.tolvutek.is


ÚTSALA
30-70%
AFSLÁTTUR AF ALLSKONAR VÖRUM
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is










# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 7. JÚLÍ 2015

## Tónlist

**Hvað?** Eistnaflug
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Neskaupstaður
Eistnaflug hófst í gær og stendur alla helgina. Dagskráin þennan fagra fimmtudag er ekkert slor en meðal atriða er Kolrassa krókríðandi, ísraelska bandið Melechesh, hljómsveitin Immolation frá Bandaríkjunum, Sólstafir og þvílíkt margar aðrar hljómsveitir.

**Hvað?** Þjóðlagahátíðin á Siglufirði
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Siglufjörður
Þrumustuð og þjóðlagastemming á Siglufirði í dag og fram yfir helgi. Í dag og kvöld er boðið upp á algjöra veislu og má þar nefna barnagæluþema í Siglufjarðarkirkju, dagskrá byggða á ástarkvæðum Megasar og þjóðlagatríóið Húm í Siglufjarðarkirkju klukkan 23.00.

**Hvað?** KK
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Norræna húsið
Meistari KK spilar á tónleikaröðinni Arctic concerts í Norræna húsinu. Allir Íslendingar þekkja KK en hann hefur verið að spila sig inn í hjörtu þjóðarinnar í milljón ár.

**Hvað?** Miss Naivety
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi
Söngkonan og lagahöfundurinn Irina Shtreis kemur frá Sankti Pétursborg en er búsett hér á landi. Hún flytur tónlist sem er mörkuð áhrifum frá bæði þjóðlagatónlist og ambient tónlist. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** DJ Agzilla
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Prikið
Agzilla verður með DJ set á Prikinu þetta fimmtudagskvöld þar sem verður gerð tilraun til að æra fram stemmingu aðvífandi helgar.



Kristján Kristjánsson eða KK verður eldhress í Norræna húsinu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Hvað?** Tómas Jónsson & Kippi Kaninus
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra
Tónleikar með tveimur eldhressum tónlistarmönnum á skemmtistaðnum Húrra. Miðaverð er einungis 2.000 krónur.

**Hvað?** Sumartónleikaröð Kristjönu Stefáns og Svavars Knúts
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kaffi Rauðka
Kristjana og Svavar rúlla inn á Siglufjörð í dag og munu síðan gera allt kolbilað á Kaffi Rauðku í kvöld. Þau eru búin að vera að spila í öllum bæjum landsins og nú er komið að Siglufirði, góða skemmtun. Miðaverð er 3.500 krónur.

**Hvað?** Sigrún Magna Þórsteinsdóttir - Alþjóðlegt orgelsumar
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Sigrún mun leika verk eftir konur á þessum orgeltónleikum, eftir Hildigunni Rúnarsdóttur, Florence B. Price, Elfridu Andreé og Fanny Mendelssohn.

## Fundir

**Hvað?** PopUp & Pitch
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Borgartún 20, 3. hæð
Fimm af liðunum sem taka þátt í Startup Reykjavík í ár munu kynna hugmyndir sínar og svo mun Andri Heiðar Kristinsson vera með fyrirlestur. EM-leikurinn verður sýndur eftir viðburðinn og Hamborgarabúlla Tómasar verður með útibú á staðnum svo allir sem vilja geta keypt sér hamborgara á slikk.

**Hvað?** Fjármögnun fyrir sprotafyrirtæki – kynningarfundur
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Nýsköpunarmiðstöð
Á þessum morgunfundi verður rætt um fjármögnun lítilla og miðlungsstórra fyrirtækja og allt það sem því tengist.

## Sýningar

**Hvað?** Bald by Baldur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Port verkefnarými
Baldur Helgason hefur verið að gera það gott í Bandaríkjum Norður-Ameríku en er nú mættur á gamla skerið til að sýna okkur eyjarskeggjum allt það sem hann hefur brallað síðustu misseri.

**Hvað?** Eilíf endurkoma: Styrmir Örn Guðmundsson kinkar kolli til Kjarvals
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Styrmir Örn mun leiða fólk um heim verka Kjarvals með tónlistina að vopni – leiðsöngvahljóðsögn kallar hann þetta.

**Hvað?** Kvikmyndadagskrá: Bestu vinir mannsins
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Kvikmyndasýning þar sem þemað er samskipti manna og dýra. Sýndar verða myndirnar Drottins náð og Filma. Drottins náð er eftir Kristján Loðmfjörð og Filma eftir Hafstein Gunnar Sigurðsson og Huldar Breiðfjörð. Það kostar 1.500 krónur inn.

**Hvað?** Spilakvöld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Verslun Spilavina, Suðurlandsbraut 48
Starfsfólk spilavina aðstoðar alla sem vilja mæta og spila saman skemmtileg og spennandi spil. Þessi viðburður er algjörlega ókeypis.

## Uppistand

**Hvað?** Ari Eldjárn
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Frystiklefinn, Rifi
Ástsælasti grínisti þjóðarinnar ferðast á Rif til að segja svo fyndnar skrýtlur að íbúa Rifs mun verkja í rifbeinin. Með Ara verða Dóra Unnars og Kári Viðars – síðan er aldrei að vita nema að það komi fram leynigestur.

THULE SWEDEN

# Hjólagrindur og ferðabox




Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# DAGSKRÁ

## Fimmtudagur




### ÉG OG 70 MÍNÚTUR

Frábær skemmtiþáttur þar sem Auðunn Blöndal rifjar upp helstu og skemmtilegustu atriðin úr þessum vinsælu þáttum. Hver man ekki eftir falinni myndavél, ógeðisdrykkjum og kvikindislegum áskorunum!

FRÁBÆRT
FIMMTUDAGSKVÖLD
Fáðu þér áskrift á 365.is
365




### SAVE WITH JAMIE

Sjónvarpskokkurinn og sjarmörinn Jamie Oliver sýnir okkur hvernig á að elda ljúffengan og girnilegan mat á ódýran hátt. Stórskemmtilegir matreiðsluþættir!

### PERSON OF INTEREST

Fyrrverandi leigumorðingi hjá CIA og dularfullur vísindamaður taka höndum um að koma í veg fyrir glæpi í New York-fylki.



### CONTAINMENT

Stór hluti borgarinnar Atlanta í Bandaríkjunum er settur í sóttkví þegar faraldur brýst út í borginni og þeir sem lokast inni berjast fyrir lífi sínu.



### SEX AND THE CITY

Geysivinsæl bíómynd, byggð á samnefndum sjónvarpsþættum, um Carrie Bradswaw og vinkonurnar skemmtilegu í New York.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

### STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Kalli kanína og félagar
**07.50** Tommi og Jenni
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Jamie's 30 Minute Meals
**10.40** Höfðingjar heim að sækja
**10.55** Gulli byggir
**11.25** Lífsstíll
**11.50** Heimsókn
**12.10** Sælkeraheimsreisa um Reykjavík
**12.35** Nágrannar
**13.00** The Crimson Field
**13.55** The Man With One Red Shoe
**15.25** Pixels
**17.15** Frikki Dór og félagar
**17.40** Bold and the Beautiful
**18.05** Nágrannar
**18.30** Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.50** Íþróttir
**19.10** Friends
**19.30** The New Girl Fimmta þáttaröðin um Jess og sambýlinga hennar. Jess er söm við sig, en sambýlingar hennar og vinir eru smám saman að átta sig á þessarri undarlegu stúlku, sem hefur nú öðlast vináttu þeirra allra. Með aðalhlutverk fara Zooey Deschanel, Jake Johnson og Damon Wayans Jr.
**19.55** Ég og 70 mínútur Frábær skemmtiþáttur þar sem Auðunn Blöndal rifjar upp helstu og skemmtilegustu atriðin úr þessum vinsælu þáttum.
**20.30** Save With Jamie
**21.20** Person of Interest
**22.05** Containment Ný spennuþáttaröð úr smiðju Warner. Stór hluti borgarinnar Atlanda í Bandaríkjunum er sett í sóttkví þegar faraldur brýst út í borginni og þeir sem lokast inni berjast fyrir lífi sínu. Hér er fjallað um það hvað gerist þegar fjölskyldur splundrast og lítið samfélag byrjar að myndast í herkvínni en þá kemur hið sanna andlit fólks í ljós þar sem ólíklegustu hetjur birtast og ótúlegasta fólk sýnir sínar dekkstu hliðar.
**22.45** Lucifer
